



Eftirlitsstofnun EFTA

Ársskýrsla 2012



EFTA SURVEILLANCE
AUTHORITY

┌ EFTA Surveillance Authority
Rue Belliard 35
B-1040 Brussels
Belgium

Tel. +32 2 286 18 11
Fax +32 2 286 18 10
E-mail: registry@eftasurv.int
Internet: <http://www.eftasurv.int>
Twitter: @eftasurv

└

Formáli



Árið 2012 var enn eitt ár fjármála- og stjórnmálakreppu í Evrópusambandinu. Glímt hefur verið við mikið atvinnuleysi, einkum meðal ungs fólks í álfunni. Til þess að komast megi út úr kreppunni þarf að auka hagvöxt og treysta fjárhag ríkjanna. Telja má að meðal mikilvægra atriða, sem geta stuðlað að endurreisn, séu aukin vöru- og þjónustuviðskipti á virkum innri markaði.

Það er grundvallarforsenda fyrir þátttöku EFTA-ríkjanna í starfsemi innri markaðarins að ekki verði tafir á gildistöku og framkvæmd sameiginlegra reglna á Evrópska efnahagssvæðinu. Góður árangur af því samstarfi næst ekki nema stjórnvöld séu vakin og sofin yfir því verkefni að viðhalda jöfnum samkeppnis-skilyrðum á öllu efnahagssvæðinu. Innri markaðurinn verður að vera á borði, ekki aðeins í orði. Það er helsta hlutverk Eftirlitsstofnunar EFTA að vinna að því markmiði. Við sjáum til þess, fyrir hönd allra EES-ríkjanna þrjátíu, að stjórnvöld í EFTA-ríkjunum virði skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum.

Á árinu 2012 varð þess því miður vart að æ fleiri tilskipanir og reglugerðir væru ekki lögteknaðar innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í EES-samningnum, og er það áhyggjuefni. Stigatafla innra markaðarins fyrir árið 2012 veldur miklum vonbrigðum að því er varðar EFTA-ríkin. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum verða að taka fulla ábyrgð á því að skuldbindingum samkvæmt EES-samningnum sé fullnægt á réttum tíma.

Innri markaðurinn verður að vera á borði, ekki aðeins í orði.

Hjá Eftirlitsstofnun EFTA voru nær þrjú hundruð ný mál sem vörðuðu Innri markaðinn stofnuð árið 2012 vegna tafa á innleiðingu nýrra EES-gerða í EFTA-ríkjunum. Tvö af hverjum þremur málum sneru að Íslandi. Mál af þessu tagi leysast sem betur fer í flestum tilvikum án þess að þurfi að koma til málarekstrar fyrir EFTA-dómstólnum. Eftirlitsstofnun EFTA notar sömu mælikvarða og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins þegar metið er hvort höfða skuli formlegt samningsbrotamál, og á þeim

grundvelli vísaði stofnunin tveimur málum gegn stjórnvöldum á Íslandi til EFTA-dómstólsins í desember síðastliðnum. Af þessum þrjú hundruð mála varða flest tilskipanir og reglugerðir tæknilegs eðlis, en EFTA-ríkin geta ekki notað það sér til afsökunar, heldur er brýnt að þau komi sér upp traustari stjórnsýsluferlum og virði betur fresti sem mælt er fyrir um í EES-samningnum.

Kvartanir, einkum þær sem berast frá fyrirtækjum og einstaklingum sem stunda vöru- eða þjónustuviðskipti milli EES-ríkjanna, eru mikilvæg uppspretta upplýsinga og vitneskju um hvernig innri markaðurinn starfar í raun. Eftir nokkra fjölgun kvartana frá Íslandi í kjölfar fjármálahrunsins árið 2008 var svo komið á síðastliðnu ári að flestar kvartanir beindust að stjórnvöldum í Noregi.

Eftirlit með ríkisaðstoð er annað mikilvægt verkefni Eftirlitsstofnunar EFTA. Árið 2012 samþykkti stofnunin aðstoð til umhverfisverndar sem veitt var ýmsum fyrirtækjum sem starfa á sviði orkuframleiðslu og orkufreks iðnaðar í Noregi (Mongstad, Södra Cell Tofte, Akershus Energi og Eidsiva Energi), og nam hún alls 3,14 milljörðum norskra króna eða 420 milljónum evra. Á liðnu ári samþykkti stofnunin einnig ríkisaðstoð sem stjórnvöld á Íslandi veittu árin 2008–2009 til þess að koma á fót þremur nýjum bönkum eftir fjármálahrunið, en heildarfjárhæð skuldbindinga ríkissjóðs vegna hennar nam um 342 milljörðum íslenskra króna eða um 2 milljörðum evra. Hér er um að ræða ríkisaðstoð sem nemur mjög háum

fjárhæðum en var veitt sem eiginfjárframlög, lán, ábyrgðir og lánsheimildir. Hinar síðastnefndu hafa þó ekki verið nýttar enn sem komið er. Niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA var að aðstoðin hafi verið nauðsynleg til þess að tryggja stöðugleika fjármálakerfisins. Endurskipulagning bankanna þriggja, sem hér um ræðir, stendur enn yfir undir eftirliti stofnunarinnar. Með góðu samstarfi við stjórnvöld á Íslandi tókst stofnuninni að gera ráðstafanir í því skyni að efla samkeppni meðal

fjármálafyrirtækja á Íslandi. Stofnunin samþykkti nýjar skattareglur sem settar hafa verið í Liechtenstein til þess að gera það arðvænlegra að fjárfesta í greinum sem byggjast á upplýsingatækni.

Á sviði samkeppni starfaði Eftirlitsstofnun EFTA á árinu 2012 náið með samkeppnisyfirvöldum á Íslandi og í Noregi. Í desember fór fram húsleit á vegum stofnunarinnar vegna rannsóknar á háttsemi norska fyrirtækisins Telenor. Stofnunin hefur haldið áfram nánu samstarfi sínu við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í málum sem tengjast fyrirtækjum í EFTA-ríkjunum. Með vísan til eldri ákvarðana stofnunarinnar í málum Posten Norge og Color Line voru innheimtar á árinu 2012 sektir að fjárhæð hér um bil 30 milljón evra.

Sameiginlegar samkeppnisreglur EES-samningsins eru nauðsynleg forsenda þess að koma megi upp innri markaði sem stendur undir nafni. Hér hefur Eftirlitsstofnun EFTA einnig hlutverki að gegna. Sameiginlegar reglur stuðla að sanngjarnri samkeppni en þær eru lítils virði ef þeim er ekki framfylgt með árangursríkum hætti. Markmið næstu ára á sviði ríkisaðstoðar hlýtur að vera að gera aðstoðina markvissari þannig að skapa megi ný viðskiptafæri og fjölga störfum í iðngreinum og nýsköpun. Þetta skiptir miklu fyrir framtíð EFTA-ríkjanna jafnt sem Evrópusambandsins.



Oda Helen Sletnes,
Forseti

Sameiginlegar reglur eru lítils virði ef þeim er ekki framfylgt með árangursríkum hætti.

EFNISYFIRLIT

1. Kafli INNGANGUR	6
Evrópska efnahagssvæðið.....	6
Hlutverk Eftirlitsstofnunar EFTA – helstu atriði.....	7
Skipulag stofnunarinnar.....	8
Stjórn.....	8
Fjárhagur og reikningsskil.....	8
Starfsmenn.....	9
2. Kafli INNRI MARKAÐSSVIÐ	10
Inngangur.....	10
Það helsta frá árinu 2012.....	10
Takmarkanir á eignarhaldi í fiskeldi.....	13
Útgáfa leyfa samkvæmt norskum skipulags- og byggingarlögum.....	14
Vinnuákvæði í opinberum samningum.....	14
Tryggingar sem starfsmannaleigur þurfa að leggja fram.....	15
Starfræksla fjárvörslusjóða í Liechtenstein.....	16
Norskar reglur um fulltrúa sem annast skil á virðisaukaskatti.....	16
Stjórnvöld í Noregi verða að breyta gildandi reglum um sjópotur.....	17
Tilkynningakerfi til þess að koma í veg fyrir nýjar tæknilegar viðskiptahindranir.....	18
Norsk ákvæði um skattafrádrátt vegna vaxtagjalda af húsnæðislánum.....	19
Stjórnvöld á Íslandi verða að afnema bann við gengistryggingu lána.....	20
Ákvæði íslenskra laga um lán sem bundin eru gengi erlendra gjaldmiðla.....	21
Mismunun vegna reglna um skattafrádrátt í Liechtenstein.....	21
Stjórnvöld í Noregi brotleg við ákvæði EES-réttar á sviði barnabóta.....	22
Fólksflutningar með langferðabifreiðum í Austur-Ögðum.....	23
Varnir gegn loftmengun.....	24
Markið sett hátt í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.....	24
Notkun bifreiða með EES-skráningu í Noregi.....	25
Aksturs- og hvíldartími við flutning á lifandi dýrum.....	25
Mismunun að því er varðar brottfarargjöld farþega í Noregi.....	26
Bann við vildarpunktum flugfélaga í Noregi.....	27
Frá bóndanum á borðið.....	28
Dýraheilbrigðissskoðanir.....	28

Hollustuháttapakki	29
Kúariða	29
Fiskimjöl – Noregur	29
Eftirlit með sjúkdómnum – Noregur	29
Ráðstafanir til að fjarlægja „sérstök áhættuefni“ – Ísland	29
Innleiðing EES-löggjafar á sviði matvæla	29
Koffín í matvælum og drykkjarvörum – Ísland	29
3. Kafli RÍKISAÐSTOÐ	30
Það helsta frá árinu 2012	30
Helstu forgangsmál á árinu 2013	31
Ákvarðanir sem tengjast fjármálakreppunni á Íslandi	32
Þrír stærstu viðskiptabankarnir á Íslandi	32
Aðstoð við fjárfestingarsjóði á Íslandi	32
Fjárfestingabankar á Íslandi	33
Sala á lóðum	33
Endurheimta aðstoðar frá fyrirtækinu Haslemoen	33
Lóðarsala í Oppdal samþykkt	34
Ríkisaðstoð á sviði flutningastarfsemi	34
Oslo Sporveier og Sporveisbussene	34
Sjóður til styrktar leiguflugi í Norður-Noregi	35
Aðstoð til umhverfisverndar	35
Stuðningur vegna uppsetningar fjarhitunarkerfa	35
Uppbygging kolefnisföngunarstöðvar í Mongstad	36
Vinnsla endurnýjanlegrar orku: Södra Cell	36
Fjarskipti og gagnaver	36
Aðstoð við gagnaverið Verne	36
Afnót af ljósleiðara sem var áður á vegum NATO	37
Ívilnun vegna hugverkaréttinda (IP Box) í Liechtenstein	37
Stuðningur við kvikmyndagerð á Íslandi	37
Skipalyfta Vestmannaeyja	39
Endurheimtumál	39
Aðstoð við Hurtigruten	39
Aðstoð við Asker Brygge AS	39

4. Kafli SAMKEPPNISSVIÐ	40
Það helsta frá árinu 2012	40
Horfur á árinu 2013	40
Ný gerð bókunar 4 með samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól	40
Húsleit hjá Telenor	42
Ákvörðun í máli Posten Norge staðfest	43
Color Line-málið	44
Aukið gagnsæi í meðferð samkeppnismála	44
Endurskoðun á verkviði málflytningsfulltrúa	44
Tilkynning um bestu framkvæmd við meðferð samkeppnismála	45
Láréttir samstarfssamningar	45
Samstarf við yfirvöld í aðildarríkjunum	46
Samstarf við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins	47
Samrunamál sem fjallað var um árið 2012	47
Samstarfsmál sem fjallað var um árið 2012	47
5. Kafli LAGASKRIFSTOFA	48
Inngangur	48
Málsmeðferð í nefnd	50
Dómur í Hurtigruten-málinu	50
Dómur í Icesave-málinu	51
Dómur um aðgang að gögnum	52
Aðkoma að málum hjá dómstólum Evrópusambandsins	52
Nýjar reglur um aðgang að gögnum	53
Meiri upplýsingagjöf	53
Tveggja þrepa málsmeðferð	54
Undantekningar	54
Kynningarfundir og ESA-dagar	54
Heimsóknir til Eftirlitsstofnunar EFTA	54
6. Kafli TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR	55
Umfang málsmeðferðar hjá Eftirlitsstofnun EFTA	55
Mál sem bíða afgreiðslu	55
Mál sem ESA hefur hafið og lokið meðferð á	56
Kvartanir sem bárust á árinu 2012	58
Fjárhagsmál	58
7. Kafli STARSFÓLK	59



1. Kafli

INNGANGUR

Eftirlitsstofnun EFTA hefur eftirlit með framkvæmd reglna Evrópska efnahagssvæðisins á Íslandi, í Liechtenstein og í Noregi og gerir ríkjunum þannig kleift að taka þátt í innri markaði Evrópusambandsins.

Evrópska efnahagssvæðið

Evrópska efnahagssvæðið (EES) samanstendur af 27 aðildarríkjum Evrópusambandsins (ESB) og þremur aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA): Íslandi, Liechtenstein og Noregi (Sviss á ekki aðild að EES). Til EES var stofnað með EES-samningnum sem tók gildi árið 1994. Um er að ræða milliríkjasamning sem gerir EFTA-ríkjunum þremur kleift að taka fullan þátt í innri markaði Evrópusambandsins.

Markmið EES-samningsins er að tryggja „fjórfrælsi“ innan allra ríkja EES, þ.e. frjálst flæði vöru, launþega, þjónustu og fjármagns. Samningurinn hefur í för með sér að ákvæði ESB-réttar tengt fjórfrælsinu, ríkisstyrkjum og samkeppni hafa verið tekin upp í landsrétt þeirra EFTA-ríkja sem taka þátt í samstarfinu. Allar nýjar gerðir Evrópusambandsins, sem falla innan gildissviðs EES-samningsins eru einnig teknar upp í landsrétt ríkjanna gegnum EES-samninginn og gilda þannig á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, en með því er samræmd framkvæmd innri markaðarins tryggð.

Með samningnum er borgurum og atvinnurekendum innan EES tryggður jafn réttur til þátttöku á innri markaðnum sem og jöfn samkeppnisskilyrði. Samningurinn kveður einnig á um samstarf innan EES á ýmsum þýðingarmiklum sviðum, svo sem á sviði rannsókna og þróunar, menntamála, velferðarmála, umhverfismála, neytendaverndar, ferðaþjónustu og menningarmála. Innri markaður Evrópska efnahagssvæðisins ryður úr vegi viðskiptahindrunum og skapar 500 milljónum Evrópubúa ný tækifæri. Á þann hátt stuðlar hann að fjölgun starfa, örvar hagvöxt og eykur samkeppnishæfni EES-ríkjanna á alþjóðavettvangi.



Velgengi EES-samningsins er háð samræmdri framkvæmd og beitingu sameiginlegs regluverks í öllum EES-ríkjunum þrjátíu. Samningurinn kveður á um eftirlitskerfi þar sem aðildarríki Evrópusambandsins lúta eftirliti framkvæmdastjórnar ESB, en Eftirlitsstofnun EFTA annast eftirlit með EFTA-ríkjunum sem eiga aðild að EES-samningnum. Þessar tvær stofnanir hafa með sér náið samstarf um stefnumörkun sem og um einstök mál.

Hlutverk Eftirlitsstofnunar EFTA – helstu atriði

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) gætir þess að EFTA-ríkin innan EES (Ísland, Liechtenstein og Noregur), virði skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum.

ESA stendur vörð um réttindi einstaklinga og markaðsaðila sem verða fyrir brotum á EES-rétti með reglum eða aðgerðum EFTA-ríkjanna eða fyrirtækja innan þeirra. Þar getur t.d. verið um að ræða reglur eða aðgerðir þess eðlis að mismunun hljótist af, viðskiptum sé íþyngt eða ólögmæt ríkisaðstoð sé veitt. Fari ríki ekki að tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA um viðeigandi ráðstafanir getur stofnunin leitað til EFTA-dómstólsins í því skyni að knýja fram breytingar á viðkomandi reglum eða verklagi.

ESA framfylgir einnig takmörkunum á ríkisaðstoð og metur hvort slík aðstoð samræmist starfsemi innri markaðarins. Þá getur ESA krafist endurgreiðslu ólögmætrar ríkisaðstoðar.



Eftirlitsstofnun EFTA hefur einnig eftirlit með því að fyrirtæki, sem starfa í EFTA-ríkjunum, fari að samkeppnisreglum. ESA getur rannsakað hugsanleg brot á ákvæðum EES-samningsins bæði að eigin frumkvæði eða á grundvelli kvartana. ESA hefur heimild til að leggja sektir á einstök fyrirtæki og meta samruna fyrirtækja við ákveðnar aðstæður.

Valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar eftirlit og framfylgd ákvæða EES-samningsins eru sambærilegar þeim sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur, og þessar stofnanir hafa með sér náið samstarf. Stofnanirnar tvær hafa umsjón með framkvæmd sömu reglna á mismunandi svæðum innan Evrópska efnahagssvæðsins.

Skipulag stofnunarinnar

Stjórn

Eftirlitsstofnun EFTA starfar sjálfstætt gagnvart EFTA ríkjunum og hefur starfsstöðvar í Brussel. ESA lýtur stjórn þriggja manna („College“) sem skipaðir eru til fjögurra ára í senn af hálfu EFTA-ríkjanna þriggja innan EES. Þó aðildarríkin skipi stjórnarmennina eru þeir sjálfstæðir í störfum sínum og lúta ekki pólitísku boðvaldi.

Eftirtaldir sátu í stjórn árið 2012:

- Oda Helen Sletnes (Noregi), forseti stjórnar
- Sabine Monauni-Tömördy (Liechtenstein)
- Sverrir Haukur Gunnlaugsson (Íslandi)

Stjórnin starfar með tilstyrk fjögurra starfssviða, en þau eru:

- Innri markaðssvið
- Samkeppnis- og ríkisaðstoðarsvið
- Lagaskrifstofa
- Stjórnunarsvið

Fjárhagur og reikningsskil

Kostnaður við starfsemi og rekstur Eftirlitsstofnunar EFTA er fjármagnaður með framlögum frá Íslandi (9%), Liechtenstein (2%) og Noregi (89%). Í fjárhagsáætlun ársins 2012 var gert ráð fyrir að þessi kostnaður næmi 12,2 milljónum evra.

Nánar er fjallað um fjárhag og reikningsskil stofnunarinnar í kaflanum um tölulegar upplýsingar.



Starfsmenn

Starfsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA voru alls 68 árið 2012 og eru þá taldir stjórnarmennirnir þrír, starfsmenn með ráðningu til ákveðins tíma, lausráðnir starfsmenn, sérfræðingar sem sendir eru til starfa úr stjórnsýslu EFTA-ríkjanna og starfsmemar. Árið 2012 starfaði fólk af alls 14 mismunandi þjóðernum hjá ESA. Helmingur starfsmanna með ráðningu til ákveðins tíma og lausráðinna starfsmanna voru frá EFTA-ríkjunum. Kynjahlutfallið var næstum jafnt og voru karlmenn 47% starfsmanna og konur 53%. Hlutfall kvenna meðal stjórnenda og framkvæmdastjórnar (College and Directors) var 47%.

Í samræmi við starfsmannareglur ESA, sem EFTA-ríkin hafa sett, eru allir starfsmenn ráðnir til þriggja ára í senn og ráðningarsamningur er að jafnaði aðeins framlengdur einu sinni. Starfsmannavelta er af þessum sökum mikil og þannig myndast nær stöðugt atvinnutækifæri fyrir hæfa umsækjendur með menntun og reynslu sem hentar starfssviðum stofnunarinnar. Litið er á það sem mikilvægt markmið að starfsskilyrði í ESA séu ævinlega samkeppnishæf til þess að öruggt sé að hæfir umsækjendur fái til starfa.



Helstu hugtök

EFTA – Fríverslunarsamtök Evrópu. Milliríkjastofnun sem hefur það hlutverk að efla frjálsa verslun og efnahagssamruna í þágu aðildarríkjanna fjögurra: Íslands, Liechtensteins, Noregs og Sviss.

EES – Evrópska efnahagssvæðið. Efnahagssamstarf 27 aðildarríkja ESB og þriggja EFTA-ríkjanna fjögurra: Ísland, Liechtenstein og Noregur (Sviss á ekki aðild að EES). Innan EES eru þau réttindi og skyldur, sem leiðir af innra markaði Evrópusambandsins, látin ná til EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að EES-samningnum.

EES-samningurinn – Stofnsamningur Evrópska efnahagssvæðisins.

EES/EFTA-ríkin – EFTA-ríkin þrjú sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu: Ísland, Liechtenstein og Noregur.

Eftirlitsstofnun EFTA – ESA sem gætir þess að EES/EFTA-ríkin þrjú uppfylli lagalegar skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum. Í þessari skýrslu er ýmist notað fullt heiti stofnunarinnar eða stuttheitið „ESA“.

EFTA-dómstóllinn – Dómstóll sem hefur lögsögu í málum er varða skuldbindingar EFTA-ríkjanna og Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt EES-samningnum. Meginhlutverk dómstólsins er að dæma í málum vegna beinnar málshöfðunar, einkum í samningsbrotamálum sem Eftirlitsstofnun EFTA höfðar gegn EFTA-ríkjunum, og að veita ráðgefandi álit í málum sem dómstólar í EFTA-ríkjunum vísa til hans.

Sameiginlega EES-nefndin – Nefnd skipuð fulltrúum ESB- og EFTA-ríkjanna sem fengið hefur verið umboð til að fella nýja lögjöf inn í EES-samninginn.



Inngangur

Hlutverk innri markaðssviðs Eftirlitsstofnunar EFTA er að hafa eftirlit með EFTA-ríkjunum til að tryggja að þau innleiði reglur innri markaðarins, að mestu reglugerðir og tilskipanir, í landsrétt með skilvirkum hætti og beiti þeim á réttan hátt. Að þessu leyti sinnir Eftirlitsstofnun EFTA almennt sömu verkefnum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og er náið samstarf með þessum tveimur stofnunum.

Grundvöllur innri markaðarins er regluverkið sem snýr að „fjórfrælsinu“, þ.e. frjálst flæði vöru, fólks, þjónustu og fjármagns. Fjórfrælsið hefur verið kjölfestan í samruna Evrópuríkja allt frá undirritun Rómarsáttmálans árið 1957.

Það helsta frá árinu 2012

Árið 2012 vísaði ESA fjórum málum, sem varða reglur innri markaðarins til EFTA-dómstólsins. Fyrsta málið snýst um innleiðingu Noregs á EES-reglum um barnabætur. Athugasemdir ESA snúa að rétti launafólks sem á tilkall til slíkra bóta í Noregi en er svipt þeim rétti ef það starfar í öðru EES ríki. Réttur til bóta helst þó ef foreldrar barnsins eru í hjúskap eða sambúð. ESA lítur hins vegar svo á að samkvæmt EES-rétti sé nægilegt að barnið sé við þessar aðstæður að stærstum hluta á framfæri þess foreldris sem það á ekki heimili hjá (blaðsíða 22).

Í öðru máli stefndi ESA Liechtenstein fyrir dómstólinn vegna reglna um ábyrgðartryggingar fyrir starfsmannaleigur. Samkvæmt þeim verður starfsmannaleiga, sem hefur staðfestu í Liechtenstein, að leggja fram tryggingu að fjárhæð 50.000 svissneskra franka. Hafi starfsmannaleigan hins vegar aðsetur utan Liechtenstein, eða sé

2. Kafli

INNRI MARKAÐSSVIÐ

stjórnandi hennar búsettur annars staðar, nemur tryggingarfjárhæðin 100.000 svissneskum frönkum. ESA lítur svo á þessi mismunun samræmist ekki EES reglum um staðfesturétt og þjónustufrelsi (blaðsíða 15).

Tvö síðustu málin varða tilskipanir sem stjórnvöld á Íslandi hafa dregið að innleiða; fyrri tilskipunin fjallar um lyfjablandað fóður en hin síðari um lánasamninga fyrir neytendur.

Í janúar 2013 féll dómur í EFTA-dómstólnum í Icesave-málinu en því máli vísaði ESA til dómstólsins undir lok ársins 2011. Fjallað er um þann dóm í 5. kafla þessarar ársskýrslu.

EFTA-dómstóllinn dæmdi ESA í vil í samningsbrotamáli sem hún höfðaði gegn Noregi varðandi reglur um kauphallir. Í norskum lögum er kveðið á um almennt bann við því að eignarhald á meira en 20% hluta í kauphöllum og vörslufélögum verðbréfa sé á einni hendi, með afar fáum undantekningum. EFTA-dómstóllinn féllst á það með ESA að löggjöfin stæðist ekki ákvæði um staðfesturétt og frjálst flæði fjármagns. ESA hefur nú hafið athugun á því hvort horfur séu á að stjórnvöld í Noregi fari að þessum dómi innan eðlilegra tímamarka, en þegar þetta er ritað höfðu engar ráðstafanir verið gerðar að þessu leyti.

Sumarið 2012 höfðaði ESA annað samningsbrotamál gegn Noregi vegna reglna sem takmarka eignarhald í fiskeldi. Í norskum lögum er lagt bann við því, án nokkurra undantekninga, að sami aðili ráði yfir meiru en 25% greinarinnar. ESA er þeirrar skoðunar að slík takmörkun samræmist ekki reglum um staðfesturétt. Norska ríkisstjórnin hefur lýst yfir vilja sínum til að breyta lögunum og fella þetta bann úr gildi (blaðsíða 13).



ESA sendi stjórnvöldum í Noregi rökstutt álit þess efnis að útgáfa sérleyfa til fólksflutninga með langferðabifreiðum í Austur-Ögðum feli í sér brot á reglum EES-samningsins varðandi mismunun og gagnsæi (blaðsíða 23). Í svari sínu við þessu rökstudda álini viðurkenndu stjórnvöld í Noregi að útgáfa þessara leyfa hefði verið brot á EES-reglum. Þau lögðu þó ekki fram neinar tillögur um hvernig bæta mætti úr brotinu. ESA hefur sent stjórnvöldum í Noregi bréf og farið þess á leit að þau segi upp samningum sem gerðir hafa verið í andstöðu við EES-rétt eða geri aðrar jafngildar ráðstafanir til þess að bæta úr brotinu. Hér er um að ræða fyrsta málið sem ESA hefur tekið til meðferðar eftir að tekin var upp ný stefna að því er varðar fullnustu reglna í tengslum við opinber innkaup. ESA hafði áður fellt niður rannsókn mála þegar hlutaðeigandi stjórnvöld höfðu viðurkennt að um brot væri að ræða. Nýja stefnan felur í sér að ESA hyggst að meginstefnu til fylgja málum eftir meðan enn gætir áhrifa frá viðkomandi samningi og hlutaðeigandi ríki hefur ekki gert viðeigandi ráðstafanir til þess að bæta úr brotinu.

Árið 2011 hóf ESA fyrstu samningsbrotamálin vegna brota á þjónustutilskipuninni. Þau lúta að leyfiskröfum í norskum skipulags- og byggingarlögum og þeim áskilnaði laga í Liechtenstein að sé fjárvörslumaður ekki búsettur í Liechtenstein verði að skipa annan fjárvörslumann sem búsettur sé í Liechtenstein (blaðsíða 14 og 16). ESA gaf út rökstutt álit í báðum málunum á árinu 2012 og stjórnvöld í báðum löndunum hafa tekist á hendur að breyta löggjöfinni. ESA gerir ráð fyrir að fleiri mál er varða brot á þjónustutilskipuninni komi til meðferðar innan tíðar. Skammt er síðan framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lýsti yfir að hún myndi ekki þola nein brot á tilskipuninni og hyggst ESA fylgja sömu stefnu.

Málsmeðferð vegna samningsbrota

Ef Eftirlitsstofnun EFTA fær í hendur upplýsingar sem benda til að löggjöf eða verklag í tilteknu EFTA-ríki standist ekki ákvæði EES-samningsins getur hún ákveðið að hefja rannsókn á málinu. Þetta má gera með vísan til þess að tiltekin EES-löggjöf hafi ekki verið leidd í landslög með réttum hætti eða að reglur eða verklag í landinu samrýmist ekki ákvæðum samningsins. Eftirlitsstofnun EFTA getur efnt til rannsókna af þessu tagi á grundvelli eigin eftirlits með athöfnum stjórnvalda í EFTA-ríkjunum eða á grundvelli kvörtunar, en öllum er heimilt að senda ESA kvörtun.

Rannsókn stofnunarinnar getur leitt til þess að höfðað verði formlegt samningsbrotamál, en sú málsmeðferð skiptist í þrennt.

- 1. skref: Málsmeðferð hafin. Þetta gerist með formlegu áminningarbréfi Eftirlitsstofnunar EFTA þar sem hún lýsir afstöðu sinni til málsins og gefur hlutaðeigandi ríki færi á að koma athugasemdum sínum og röksemdum á framfæri.
- 2. skref: Hafi málið ekki þegar verið leyst getur Eftirlitsstofnun EFTA á þessu stigi lagt fram rökstutt álit.
- 3. skref: Eftirlitsstofnun EFTA getur að lokum vísað málinu til EFTA-dómstólsins og kemur það þá í hlut hans að dæma í málinu.

Oft má leysa úr vandkvæðum með upplýsinga- og skoðanaskiptum stofnunarinnar og stjórnvalda í hlutaðeigandi EFTA-ríki, án þess að til formlegrar málsmeðferðar þurfi að koma.



Í Noregi hefur mikið verið fjallað um bann við notkun sjóþota samkvæmt þarlandum lögum. Sumarið 2012 gáfu stjórnvöld í Noregi út nýja reglugerð um þetta efni. ESA telur þó enn að reglurnar feli í sér of þröngar skorður og að með þeim sé brotið gegn meginreglunni um frjálst vöruflæði. Stjórnvöldum í Noregi hefur verið sent áminningarbréf vegna málsins. (blaðsíða 17).

Loks var stjórnvöldum á Íslandi sent formlegt áminningarbréf í tengslum við bann við gengistryggingu veðlána. Slík gengistrygging lána er bönnuð samkvæmt íslenskum lögum, en ESA álitur að það bann geti ekki samrýmt reglunni um frjálst flæði fjármagns. (blaðsíða 20). ESA barst kvörtun í kjölfar nokkurra dóma Hæstaréttar varðandi bannið við gengistryggingu og þeirrar lagasetningar sem ráðist var í til þess að bregðast við dómnum (blaðsíða 21). Þeir, sem stóðu að kvörtuninni, töldu að stjórnvöld á Íslandi hefðu brotið gegn ákvæðum neytendalöggjafar EES með ýmsum hætti. Að lokinni ítarlegri skoðun varð það niðurstaða ESA að ekki hefði verið brotið gegn EES-löggjöf og var málið fellt niður.

Stigatafla innra markaðarins

Eftirlitsstofnun EFTA birtir svonefnda stigatöflu innra markaðarins tvisvar á ári samhlíða birtingu slíkrar töflu á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Í töflunni kemur fram hversu vel stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum gengur að innleiða tilskipanir á réttum tíma.

Í nýjstu stigatöflunni, sem birt verður vorið 2013, var innleiðingarhalli EFTA-ríkjanna, sem eiga aðild að EES, að meðaltali 1%. Þetta samsvarar markmiðinu sem leiðtogaráð Evrópusambandsins hefur sett í þessu efni.

- Ísland 1,8%
- Liechtenstein 0,4%
- Noregur 0,7%

Síðustu útgefnu stigatöflu EES/EFTA-ríkjanna, ásamt upplýsingum um stöðu innleiðingar fyrir hverja tilskipun, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA, eftasurv.int. Á vefsetrinu er jafnframt gagnagrunnur um stöðu innleiðingar með leitarmöguleikum.

Staðfesturéttur

Takmarkanir á eignarhaldi í fiskeldi

Takmarkanir á eignarhaldi fiskeldisfyrirtækja samkvæmt norskum lögum standast ekki ákvæði um staðfesturétt á innri markaðnum.

Samkvæmt norskum lögum verður að leita heimildar sjávarútvegs- og strandráðuneytisins fyrirfram vegna kaupa sem leiða til ráðandi eignarhlutar í meira en 15% allra fyrirtækja sem fengið hafa rekstrarleyfi á sviði lax- eða silungseldis. Þá eru kaup, sem leiða til ráðandi eignarhlutar í meira en 25% fyrirtækja með slíkt rekstrarleyfi, með öllu óheimil.

Þessar takmarkanir valda því að torvelt eða jafnvel ógerlegt er að byggja upp fyrirtækjaeiningar umfram tiltekna stærð og gera það þannig síður vænlegt að stofna fiskeldisfyrirtæki í Noregi. Eftirlitsstofnun EFTA telur að þessar takmarkanir brjóti í bága við við EES reglur um staðfesturétt. Í samræmi við það sendi ESA stjórnvöldum í Noregi formlegt áminningarbréf í júlí árið 2012.

ESA viðurkennir að sumar hindranir megi réttlæta með vísan til markmiða á sviði byggðastefnu. Stjórnvöld í Noregi hafa hins vegar ekki getað sýnt fram á að þessar takmarkanir á eignarhaldi séu heppileg og nauðsynleg

aðferð til þess að ná því lögmæta markmiði. Þó að stefnt sé að því að ná fram tiltekinni uppbyggingu í greininni – til dæmis blöndu lítilla, meðalstórra og stórra fyrirtækja í ákveðnum hlutföllum – er þar um að ræða hreint efnahagslegt markmið sem getur ekki þjónað sem réttlætning fyrir því að reisa skorður við framkvæmd grundvallarreglna EES samningsins um fjórfrelsið.

Að mati ESA gætu norsk stjórnvöld náð markmiðum sínum varðandi eignarhaldi fiskeldisfyrirtækja með öðrum og vægari ráðstöfunum. Í því tilliti gætu stjórnvöld til að mynda tekið upp tilhögun sem felur í sér að leita verði heimildar til útgáfu rekstrarleyfis fyrirfram þegar umfang rekstrarins fer yfir tiltekin mörk. Þar sem leyfistilhögun af því tagi er í eðli sínu takmörkun á því að aðilar geti nýtt réttindi sín samkvæmt EES samningnum yrði framkvæmd hennar að einkennast af gagnsæi og hlutlægni svo koma megi í veg fyrir geðþótta ákvarðanir.

Í desember árið 2012 buðust stjórnvöld í Noregi til að breyta ofangreindum reglum. ESA bíður nú nánari upplýsinga frá Noregi um útfærslu þessara breytinga.





Frjáls þjónustustarfsemi

Útgáfa leyfa samkvæmt norskum skipulags- og byggingarlögum

Stjórnvöld í Noregi hafa fallist á að breyta reglum sem gera það að skilyrði að byggingarverktakar hafi hlotið viðurkenningu sveitarstjórnar.

Samkvæmt norskum lögum verða fyrirtæki, sem ráðin eru til að annast byggingarframkvæmdir, að öðlast viðurkenningu sveitarstjórnar áður en þau geta hafist handa. Gildir þetta um allar framkvæmdir.

ESA barst kvörtun um þetta efni og komst að þeirri niðurstöðu að viðurkenningarkerfið samræmdest ekki ákvæðum *þjónustutíðskipunarinnar* (2006/123/EB) sökum þess að gildandi lög gerðu fyrirtækjum, sem hafa staðfestu utan Noregs, mjög erfitt fyrir að bjóða fram þjónustu í landinu.

Stjórnvöld í Noregi hafa fullan rétt til að koma upp eftirlitsskerfum á sviði byggingarstarfsemi til þess að vernda neytendur. Það leggur hins vegar of miklar byrðar á fyrirtæki að skylda þau til að sækja um skráningu í hvert skipti sem þau hyggjast annast tiltekna þjónustu í Noregi. Að áliti ESA vegur hér þyngst að þar eð þessi fyrirtæki verða að sæta sambærilegu eftirliti í heimalandinu væri unnt að ná markmiðum norskum laganna með miklu vægari

ráðstöfunum. Í samræmi við þetta lagði ESA fram rökstutt álit í maí árið 2012.

Norðmenn svöruðu álitinu og sögðu að til stæði að breyta lögnum. ESA hefur verið afhent áætlun um hvenær þetta muni gerast. Fyrst var það skref stigið að fella úr gildi ákvæði sem skyldaði fyrirtæki til að sækja um viðurkenningu staðaryfirvalda þó að viðurkenning ríkisstofnunar lægi þegar fyrir, og gildir þessi breyting frá janúar 2013. Í öðru lagi er stefnt að heildarendurskoðun á viðurkenningarkerfinu á árinu 2013 þannig að nýjar reglur komist til framkvæmda í janúar 2014. ESA fylgist náið með lagasetningarferlinu.

Vinnulöggjöf

Vinnuákvæði í opinberum samningum

Eftirlitsstofnun EFTA hætti rannsókn gegn Noregi á máli sem varðar félagsleg ákvæði í opinberum samningum, eftir að reglum um það efni var breytt.

Í framhaldi af dómi Dómstóls Evrópusambandsins í *Rüffert*-málinu árið 2008 hóf ESA rannsókn, að eigin frumkvæði, á svokölluðum félagslegum ákvæðum í opinberum samningum. ESA komst að þeirri niðurstöðu að norskum reglurnar samræmdu hvorki tilskipun *um störf útsendra starfsmanna* né ákvæðum um þjónustufrelsi. Þessi niðurstaða var á því byggð að samkvæmt norskum



reglunum var skylt að láta starfsmenn erlendra fyrirtækja í Noregi njóta vinnuskilyrða sem ekki hefðu verið lýst almennt bindandi með lögum.

Stjórnvöld í Noregi brugðust við þessu árið 2011 með breytingum á norskri reglugerð nr. 112/2008 um laun og vinnuskilyrði í tengslum við opinbera samninga. Í reglugerðinni er nú vísað með beinum hætti til launa og vinnuskilyrða eins og þau eru ákveðin í ófrávíkjanlegum kjarasamningum. Þá hafa vísanir til staðbundinna reglna á sviði vinnumála verið felldar úr reglugerðinni. Þó að þessar breytingar hafi verið gerðar á reglugerðinni er enn vísað til „kjarasamninga á landsvísu“ sem hafa ekki verið lýstir almennt bindandi samkvæmt norskum lögum. Þessu fylgja nokkur vandkvæði samkvæmt EES-rétti. Í helstu atvinnugreinum í Noregi eru í gildi almennt bindandi kjarasamningar þ. m. t. í byggingariðnaði, sem gerir brotið ekki eins víðtækt og ella hefði verið. Norska ríkisstjórnin hefur jafnframt falið stofnun um stjórnslu og upplýsinga- og fjarskiptatækni (Difi) það verkefni að auka gagnsæi á þessu sviði með því að gera aðgengilegri upplýsingar um vinnuskilyrði eins og þau tíðkast í reynd.

Með hliðsjón af þessum umbótum leit ESA svo á að ekki væri rétt að halda málinu til streitu.

Rüffert-dómurinn

Í Rüffert-málinu komst Dómstóll Evrópusambandsins að þeirri niðurstöðu að stjórnvöld í Neðra-Saxlandi hefðu brotið gegn löggjöf sambandsins með gerð opinberra verksamninga sem höfðu að geyma ákvæði þess efnis að verktakar frá öðrum EES-ríkjum skyldu greiða laun í samræmi við gildandi kjarasamninga byggingarstarfsmanna í héraðinu. Þeir kjarasamningar voru ekki ófrávíkjanlegir í skilningi tilskipunar um störf útsendra starfsmanna.

Friðs þjónustustarfsemi

Tryggingar sem starfsmannaleigur þurfa að leggja fram

Reglur um tryggingar, sem starfsmannaleigur í Liechtenstein þurfa að leggja fram, standast ekki ákvæði um þjónustufrelsi og staðfesturétt.

Samkvæmt reglum í Liechtenstein verður starfsmannaleiga að leggja fram ábyrgðartryggingu að fjárhæð 50.000 svissneskra franka vegna starfsemi sinnar ef hún hefur staðfestu í Liechtenstein og ábyrgðarmaður hennar er búsettur í landinu. Ef ábyrgðarmaður fyrirtækisins er hins vegar búsettur utan Liechtensteins eða fyrirtækið hefur staðfestu utan landsins og annast útleigu starfsmanna yfir landamærin er skylt að leggja fram tryggingu að fjárhæð 100.000 svissneskra franka.

Að mati ESA gera gildandi lög gera það erfiðara fyrir fyrirtæki með staðfestu utan Liechtenstein að veita þjónustu af þessu tagi en þegar um ræðir fyrirtæki sem hafa staðfestu í landinu. Þessi munur á tryggingarfjárhæðinni rýrir samkeppnishæfni erlendra starfsmannaleiga og dregur úr líkunum á að þau bjóði fram þjónustu sína í Liechtenstein. ESA lítur svo á að löggjöfin í Liechtenstein standist ekki ákvæði um staðfesturétt vegna þess að samkvæmt henni er tryggingarfjárhæðin tengd því hvar fyrirtækið hefur starfstöð eða hvar sá, sem ber ábyrgð á rekstri starfsmannaleigunnar, er heimilisfastur.

Þrátt fyrir umfangsmikil bréfaskipti tókst ESA ekki að sannfæra stjórnvöld í Liechtenstein um að breyta beri þessum lagaákvæðum. ESA lagði fram rökstutt álit 25. janúar 2012. Stjórnvöld í Liechtenstein viðurkenndu að gildandi löggjöf kynni að fara í bága við ákvæði EES-samningsins. Engu að síður tóku þau fram að engra breytinga væri að vænta fyrir janúar árið 2014. ESA ákvað af þeim sökum að vísa málinu til EFTA-dómstólsins.





Frjáls þjónustustarfsemi

Starfræksla fjárvörslusjóða í Liechtenstein

Stjórnvöld í Liechtenstein hyggjast afnema það skilyrði fyrir heimild til að starfrækja fjárvörslusjóði að stjórnandi verði að hafa búsetu í landinu.

Núgildandi reglur í Liechtenstein gera þá kröfu að þegar fjárvörslusjóði er skipaður fjárvörslumaður með búsetu utan Liechtensteins skuli hann hafa samstarf við fjárvörslumann sem er búsettur í landinu.

Eftir að kvörtun hafði borist um þetta efni komst ESA að þeirri niðurstöðu að slíkur áskilnaður um búsetu væri andstæður ákvæðum um frjálsa þjónustustarfsemi. Það hefur verið ófrávikjanleg afstaða bæði EFTA-dómstólsins og Dómstóls Evrópusambandsins að ákvæði í landslögum sem fela í sér að greinarmunur er gerður með vísan til búsetu standist ekki EES-löggjöf. Rök stjórnvalda í Liechtenstein fyrir því að lögin ættu rétt á sér voru þau að nauðsynlegt væri að skipa annan fjárvörslumann með búsetu í Liechtenstein til þess að tryggja réttaröryggi gagnvart þriðja aðila að því er varðaði þær reglur sem gilda um fjárvörslusjóðinn. Þrátt fyrir að ESA sendi stjórnvöldum í Liechtenstein formlegt áminningarbréf héldu þau fast við afstöðu sína. ESA lagði fram rökstutt álit 5. september 2012.

Að loknum frekari viðræðum ákváðu stjórnvöld í Liechtenstein að endurskoða lögin til þess að þau samræmdust EES-samningnum og áskilnaður um búsetu hefur nú verið felldur niður. Nýju lögin öðlast gildi í mars árið 2013.

Þjónustufrelsi/frjálst vörufælæði

Norskar reglur um fulltrúa sem annast skil á virðisaukaskatti

Óheimilt er að skylda erlend félög sem hefja atvinnureksstur í Noregi til að að skipa sérstakan fulltrúa gagnvart skattfyrvöldum.

Samkvæmt norskum reglum á sviði virðisaukaskatts er fyrirtækjum sem hafa staðfestu utan Noregs skylt að skipa sértakan skattafulltrúa í Noregi sem bera skal ábyrgð, ásamt viðkomandi fyrirtæki, á útreikningi skattsins og skilum. Að mati ESA eru reglur af þessu tagi til þess fallnar til að auka kostnað erlendra fyrirtækja og torvelða þannig aðgang að norskum markaði. Reglurnar hamla gegn frjálsu vörufælæði og frjálsum þjónustuviðskiptum.

Stjórnvöld í Noregi hafa lögmætra hagsmuna að gæta þegar að því kemur að tryggja skilvirkt skatteftirlit og koma í veg fyrir skattundanskot. Með hliðsjón af því að stjórnvöld hafa gert samninga við ýmis EES-ríki um gagnkvæma aðstoð á sviði upplýsingaskipta og innheimtu virðisaukaskatts verður þó að telja að með áskilnaði um skipan skattafulltrúa í Noregi sé gengið lengra en nauðsynlegt er til þess að ná settum markmiðum.

Í september árið 2012 sendi ESA Noregi rökstutt álit í þessu máli. Í janúar árið 2013 greindu stjórnvöld í Noregi ESA frá áformum sínum um að breyta framangreindum reglum og hefur ESA þær tillögur nú til skoðunar.





Frjálst vöruflæði

Stjórnvöld í Noregi verða að breyta gildandi reglum um sjópotur

Ný norsk reglugerð um notkun sjópota samræmist ekki reglum EES-samningsins um frjálsta vöruflutninga.

Reglugerðin, sem öðlaðist gildi 1. júlí 2012, festir í sessi eldra bann við notkun sjópota með fáum undantekningum. Í formlegu áminningarbréfi, sem sent var stjórnvöldum í Noregi í október árið 2012, rakti ESA ýmis vandkvæði sem fylgdu þessu banni.

Í fyrsta lagi er engin trúverðug aðferð tilgreind í reglunum sem nota mætti til að afmarka innan hæfilega langs tíma svæðin þar sem *heimilt* væri að nota sjópotur.

Í öðru lagi eru því afar þröngar skorður settar á hvaða svæðum unnt er að leyfa slíkar undanþágur. ESA tekur undir það sjónarmið að til séu svæði þar sem nauðsynlegt er að setja strangar reglur til verndar umhverfinu og mælir ekki gegn því að notkun sjópota sé bönnuð á slíkum svæðum. Svæðin, sem bannið nær til, ná hins vegar yfir verulegan hluta strandlengjunnar, meðal annars svæði sem eru þess eðlis að skorðurnar virðast ekki nauðsynlegar þegar litið er til umhverfisverndar eða öryggis.

Þá virðist gæta ósamræmis í núgildandi reglum í Noregi á þann hátt að sjópotur eru bannaðar á svæðum þar sem umferð vélknúinna báta er leyfð.

Loks taldi ESA athugunarefni að notendur sjópota gætu sætt opinberri ákæru í Noregi samkvæmt núgildandi lögum.

Bann við notkun sjópota samkvæmt norskum lögum var fyrst tekið upp í lög um skemmtibáta árið 2000. Að fenginni kvörtun um reglurnar höfðaði ESA samningsbrotamál gegn Noregi árið 2004. Í kjölfar þess tóku stjórnvöld í Noregi til við endurskoðun reglnanna. Í mars árið 2011 kynntu þau ESA drög að nýrri reglugerð um notkun sjópota. ESA sendi stjórnvöldum í Noregi athugasemdir og vakti athygli á fjölmörgum vandkvæðum í tengslum við kerfið sem áformað var. Þrátt fyrir gagnrýni ESA gáfu stjórnvöld í Noregi reglugerðina út í júní árið 2012.

Í janúar árið 2013 greindu stjórnvöld í Noregi ESA frá áformum sínum um að breyta ofangreindri reglugerð og hefur ESA þær tillögur nú til skoðunar.



Frjálst vörufleði

Tilkynningakerfi til þess að koma í veg fyrir nýjar tæknilegar viðskiptahindranir

Árið 2012 bárust ESA aðeins tíu tilkynningar frá EFTA-ríkjunum um drög að tæknilegum reglugerðum. Þetta er nokkur samdráttur frá því sem var næstu ár á undan. ESA hefur rætt þessa fækkun tilkynninga við stjórnvöld í EFTA-ríkjunum og minnt þau á tilgang tilkynningakerfisins.

Fjórar þessara tíu tilkynninga bárust frá Íslandi, aðrar fjórar frá Noregi og tvær frá Liechtenstein. Sjö tilkynningar þóttu gefa tilefni til athugasemda frá ESA. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins setti fram athugasemdir um fjórar tilkynninganna.

Þá bárust ESA 734 tilkynningar frá aðildarríkjum Evrópusambandsins með milligöngu framkvæmdastjórnarinnar. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum settu fram athugasemdir um eina tilkynningu frá aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Ár	Tilkynningar frá EFTA-ríkjunum	Athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA	Tilkynningar frá aðildarríkjum ESB	Samræmdar tilkynningar
2012	10	7	734	1
2011	14	4	676	0
2010	19	5	817	0
2009	16	9	708	0
2008	25	6	601	1

Tilkynning tæknilegra reglugerða

Með *tilskipun um tæknilega staðla og reglugerðir* (98/34/EB) er komið upp tilkynningarferli sem hefur í för með sér að EFTA-ríkjunum er skylt að tilkynna ESA fyrirfram um setningu nýrra tæknilegra reglugerða. Með þessu er komið í veg fyrir setningu hamlandi tæknilegra reglugerða sem fela í sér nýjar og óréttlætningar viðskiptahindranir.

Í kjölfar tilkynningar EFTA-ríkjanna um drög að tæknilegri reglugerð hefst þriggja mánaða biðtími sem ætlað er til þess að gefa Eftirlitsstofnun EFTA, framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og stjórnvöldum í öðrum EES-ríkjum færi á að taka hinar tilkynntu ráðstafanir til skoðunar og setja fram athugasemdir ef ætla má að vafi leiki á því að reglugerðardrögin samræmist ákvæðum EES-samningsins.





Frjálst flæði fjármagns

Norsk ákvæði um skattafrádrátt vegna vaxtagjalda af húsnæðislánnum

Stjórnvöld í Noregi hyggjast breyta reglum sem koma í veg fyrir skattafrádrátt vegna húsnæðislána sem tekin eru í Þýskalandi, Belgíu, Ítalíu, á Möltu, í Búlgaríu og Portúgal.

Samkvæmt norskum skattalögum er óheimilt að draga vaxtagjöld vegna húsnæðislána frá skatti nema um sé að ræða fasteign í Noregi eða í EES-ríki þar sem gildandi tvísköttunarsamningar heimila norskum stjórnvöldum að skattleggja eignina. ESA lítur svo á að þessar reglur vinni gegn frjálsum flæði fjármagns með því að gera það síður vænlegt að festa fjármuni í fasteignum í þeim sex EES-ríkjum sem skattaundanþágan tekur ekki til.

Stjórnvöld í Noregi hafa haldið því fram að takmörkunina megi réttlæta með því að hún sé nauðsynleg til að tryggja innra samræmi norska skattkerfisins og eðlilega skiptingu skattlagningarheimilda milli EES-ríkjanna. ESA tekur ekki undir þetta sjónarmið stjórnvalda í Noregi því að engin bein tengsl eru milli réttarins til skattafrádráttar og raunskattlagningar vegna fasteigna.

Þá er það álit stofnunarinnar að aðrar og vægari ráðstafanir muni duga til að draga úr hættunni á tvöföldum frádrætti og skattaundanskotum. Stjórnvöld í Noregi hafa gert samninga við öll EES-ríkin um stjórnsýsluaðstoð á sviði upplýsingaskipta. Þau gætu nýtt sér þá samninga til að afla nauðsynlegra upplýsinga sem varða fasteignir í öðrum EES-ríkjum.

Í september árið 2012 sendi ESA stjórnvöldum í Noregi rökstutt álit. Tveimur mánuðum síðar greindu þau ESA frá áformum sínum um að taka upp í norsk skattalög ákvæði sem felur í sér að sömu skilyrði skuli gilda um skattafrádrátt vegna vaxtagjalda hvort sem einstaklingar með búsetu í landinu fjárfesta í fasteignum í Noregi eða í öðrum EES-ríkjum.



Frjálst flæði fjármagns

Stjórnvöld á Íslandi verða að afnema bann við gengistryggingu lána

Núgildandi bann við því að veita gengistryggð lán í íslenskum krónum stenst ekki hina almennu reglu um frjálst flæði fjármagns en það kann að vera lögmætt að takmarka veitingu slíkra lána til almennra neytenda.

Samkvæmt íslenskum lögum er óheimilt að veita lán í íslenskum krónum sem bundin eru gengi erlendra gjaldmiðla. Í apríl árið 2012 sendi ESA stjórnvöldum á Íslandi formlegt áminningarbréf og taldi að bann af þessu tagi stæðist ekki EES-rétt.

Frjálst flæði fjármagns er varið samkvæmt EES-samningnum og sú almenna regla gildir að EES-ríkjunum er ekki heimilt að reisa skorður við flutningi fjármagns milli landa.

Það er álit stofnunarinnar að bann við gengistryggingu muni gera fjármálafyrirtæki á Íslandi treg til að fjármagna útlán sín í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni og vinna þannig gegn frjálsum flæði fjármagns.

ESA fellst á það sjónarmið að lánsamningar með gengistryggingu geti verið áhættusamir fyrir neytendur. Tekjur neytenda eru venjulega í íslenskum krónum og þeir

eiga þess því ekki kost að bregðast við sveiflum á gengi annarra gjaldmiðla. Þá er óvíst að neytendur hafi þekkingu til að meta áhættuna af slíkum lánsamningum.

ESA telur að það geti talist lögmæt ráðstöfun að takmarka útgáfu áhættusamra fjármálagerna af þessu tagi til neytenda. Með algeru banni við slíkum lánveitingum til einstaklinga og félaga er hins vegar gengið lengra en nauðsynlegt getur talist til þess að tryggja neytendavernd.

ESA telur að stjórnvöld á Íslandi gætu beitt öðrum og vægari ráðstöfunum til þess að vernda neytendur. Þau gætu til að mynda gert fjármálafyrirtækjum skylt að afhenda neytendum fullnægjandi og skýrar upplýsingar um áhættuna sem fylgir slíkum lánnum áður en hinn gengistryggði lánsamningur er gerður. Önnur aðferð gæti verið að veita neytendum rétt til að falla frá lánsamningi áður en tiltekinn tími er liðin frá undirritunardegi.

Sömu sjónarmið eiga ekki við um félög. Ólíkt því sem gildir um neytendur hafa lögaðilar bolmagn og burði til að meta á fullnægjandi hátt alla hugsanlega áhættu þegar þeir veita og meta hvort rétt sé að taka lán með gengistryggingu.

Stjórnvöld á Íslandi hafa svarað formlega áminningarbréfinu og lýst þeirri skoðun að bann við gengistryggingu lána samkvæmt íslenskum lögum vinni ekki gegn frjálsum flæði fjármagns. Svarið er nú til skoðunar hjá ESA.

Neytendavernd

Ákvæði íslenskra laga um lán sem bundin eru gengi erlendra gjaldmiðla

Íslensk lagaákvæði þess efnis að lán, sem bundin eru gengi erlendra gjaldmiðla, skuli endurreiknuð með nýjum vöxtum brjóta ekki gegn EES-löggjöf á sviði neytendaverndar.

Hæstiréttur felldi árið 2010 þann dóm að óheimilt væri að íslenskum lögum að binda neytendalán gengi erlends gjaldmiðils. Í kjölfar þess dóms var lögum um vexti og verðtryggingu breytt og fjármálafyrirtækjum gert að endurreikna lán, sem bundin voru gengi erlendra gjaldmiðla, á þann hátt í stað upprunalegra vaxta kæmu vextir sem birtir voru hjá Seðlabanka Íslands. Vextir Seðlabankans virðast oft hafa verið hærri en vextirnir sem um var samið í lánsamningum. Þessi tilhögun varð tilefni kvörtunar sem beint var til stofnunarinnar, þess efnis að lögin stæðust ekki ákvæði EES-löggjafar á sviði neytendaverndar.

Niðurstaða stofnunarinnar varð þó önnur. Löggjöf um neytendavernd á Evrópska efnahagssvæðinu hefur fyrst og fremst þann tilgang að vernda neytendur gegn óréttmætum skilmálum og viðskiptaháttum seljenda. Málið, sem hér um ræðir, snýst hins vegar ekki um háttsemi seljenda. Þvert á móti eru nýju vextirnir, sem fjármálastofnanir reikna, bein afleiðing af skyldum sem landslög leggja þeim á herðar og þeir féllu því hvorki undir ákvæði tilskipunar 93/13/EBE um óréttmæta skilmála í neytendasamningum né ákvæði tilskipunar 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti. Við þetta bætist að fari svo að vaxtaákvæði verði talið óheimilt að landslögum ber einnig að úrskurða um afleiðingar þess í samræmi við landslög. Álitaefnið, sem á reyndi í þessu máli, féll því í grundvallaratriðum undir íslenskan samningarétt.

Fjármálaþjónusta

Mismunur vegna reglna um skattafrádrátt í Liechtenstein

Stjórnvöld í Liechtenstein hafa sett skattareglur um frádrátt á sýndarvaxtagjöldum sem brjóta gegn ákvæðum EES-samningsins um staðfesturétt og frjálst flæði fjármagns.

Reglur um frádrátt á grundvelli sýndarvaxtagjalda, sem settar hafa verið í Liechtenstein, hafa í för með sér lækun á raungreiðslum fyrirtækja á tekjuskatti. Félög, sem eru skattskyld í Liechtenstein, geta dregið frá skattstofni sýndarvaxtagjöld sem reiknuð eru í samræmi við leiðrétt

eigið fé. Við útreikning á frádrættinum er þó aðeins tekið tillit til hreinnar eignar félagsins í fasteignum eða varanlegum starfstöðvum í Liechtenstein. Fasteignir og varanlegar starfstöðvar í öðrum EES-ríkjum eru ekki teknar með í útreikningnum. ESA telur að þessi munur á meðferð eigna letji fyrirtæki í Liechtenstein frá því að setja á fót varanlegar starfstöðvar í öðrum löndum eða fjárfesta þar.

ESA lítur svo á að löggjöfin í Liechtenstein feli í sér takmörkun á staðfesturétti og gildandi reglum um frjálst flæði fjármagns. Engin réttlætning er fyrir þessari takmörkun. ESA sendi því stjórnvöldum í Liechtenstein formlegt áminningarbréf í apríl árið 2012. Stjórnvöld í Liechtenstein hafa andmælt niðurstöðu ESA.

Reglum stjórnvalda í Liechtenstein um frádrátt vegna sýndarvaxtagjalda svipar að mörgu leyti til belgískra reglna um sams konar frádrátt, en þær sæta nú athugun af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Þá hefur belgískur dómstóll vísað álitaefni er þetta varðar til Dómstóls Evrópusambandsins (C-350/11). Niðurstöðu dómstólsins er að vænta á árinu 2013. Nauðsynlegt er að taka þessi mál til vandlegrar athugunar til þess að tryggja að grunnreglum EES um fjórfrelsið sé beitt á samræmdan hátt á Evrópska efnahagssvæðinu öllu.





Almannatryggingar

Stjórnvöld í Noregi brotleg við ákvæði EES-réttar á sviði barnabóta

Stjórnvöldum í Noregi er óheimilt að gera það að skilyrði fyrir greiðslu barnabóta til launafólks, sem starfa í öðru aðildarríki, að foreldrar barnsins séu í hjúskap eða sambúð.

Í júní árið 2010 veitti ESA athygli tveimur óleystum málum í SOLVIT-gagnagrunni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Bæði málin vörðuðu móður sem tekið hafði upp störf og búsetu erlendis með barni sínu, í öðru tilvikinu í Litháen og í hinu í Slóvakíu. Foreldrar barnanna höfðu skilið að borði og sæng og feðurnir voru búsettir og við störf í Noregi. Mæðurnar áttu rétt til barnabóta hvor í sínu búsetulandi. Í samræmi við ákvæði EES-réttar höfðu þær báðar sótt um að fá greiddan mismuninn á þessum bótum og hærri barnabótum sem faðirinn í Noregi hefði átt rétt á að fá greiddar úr norska almannatryggingakerfinu. Atvinnu- og velferðarstofnun Noregs (NAV) synjaði

hins vegar báðum þessum umsóknnum um barnabætur með vísan til þess að barnið ætti ekki heimili hjá foreldri í Noregi og gæti því ekki talist aðstandandi samkvæmt ákvæðum norskra laga.

Samkvæmt EES-rétti verður að líta svo á að því skilyrði norskra laga að barn verði að eiga heimili hjá foreldrum sínum sé fullnægt ef barnið er að stærstum hluta á framfæri þess foreldris sem býr ekki á sama heimili og barnið. Hjúskaparstaða foreldranna hefur þar með enga þýðingu. Dómstóll Evrópusambandsins staðfesti þetta í dómi sínum í *Slanina*-málinu. Þar var byggt á þeirri staðreynd að þegar búseta fjölskyldu er í mismunandi löndum er bótaréttur mismunandi, en þannig háttar venjulega ekki til þegar fjölskyldan er öll búsett í sama landi. Farandlaunþegar hlytu því jafnan að standa höllum fæti þar eð þeir yrðu af bótarétti við flutning og það gæti þannig orðið þeim ástæða til að flytja ekki brott.

Í samræmi við þetta sendi ESA formlegt áminningarbréf hinn 8. desember 2010, gaf út rökstutt álit hinn 6. júlí 2011 og vísaði málinu loks til EFTA-dómstólsins hinn 28. mars 2012.

Opinber innkaup

Fólksflutningar með langferðabifreiðum í Austur-Ögðum

Stjórnvöld í Noregi hafa viðurkennt að í Austur-Ögðum hafi verið úthlutað sérleyfum til fólksflutninga með langferðabifreiðum að andvirði hér um bil 1,5 milljarða norskra króna í bága við EES-reglur.

Í desember árið 2008 úthlutuðu stjórnvöld í Austur-Ögðum fyrirtækjum á svæðinu nokkrum sérleyfum til fólksflutninga með langferðabifreiðum til fjögurra ára. Tveimur árum síðar virkjuðu þau framlengingarákvæði í samningunum og lengdu þannig gildistíma samninganna um önnur fjögur ár til 31. desember 2016 (nema að því er varðaði stærsta samninginn, en gildistími hans var aðeins lengdur um tvö ár). Sérleyfunum fylgdu greiðslur að fjárhæð hér um bil 1,5 milljarða norskra króna (205 milljónir evra) og var þeim úthlutað án þess að nokkurt samkeppnisútböð færi fram eða sérleyfin væru auglýst.

Í formlegu áminningarbréfi ESA til Noregs kemur fram sú niðurstaða að stjórnvöld hefðu vanrækt að fylgja reglum um bann við mismunun og um gagnsæi með því að heimila hlutaðeigandi stjórnvöldum í Austur-Ögðum að gera og framlengja sérleyfissamninga án þess að sérleyfin væru auglýst á nokkurn hátt. ESA leit svo á að sérleyfin gætu vakið áhuga fyrirtækja utan landsins vegna þess hversu háar greiðslur fylgdu þeim og vegna lengdar samningstímans. Með því að auglýsa ekki sérleyfin var því komið í veg fyrir að fyrirtæki, sem hugsast gat að hefðu sýnt þeim áhuga, gætu gert það.

Innkaup á sérleyfisþjónustu

Samkvæmt EES-rétti er sérleyfisþjónusta undanþegin málsmeðferðarreglum sem mælt er fyrir um í tilskipunum um opinber innkaup.

Af dómafrákvæmd Dómstóls Evrópusambandsins leiðir þó að sérleyfisþjónusta fellur engu að síður undir almennar reglur EES-réttar. Þetta felur í sér að samningsstofnunum er skylt að viðhafa gagnsæja málsmeðferð þannig að hugsanlegum bjóðendum gefist kostur á að lýsa áhuga sínum á að annast þjónustuna. Sú skylda að viðhafa gagnsæi er í fullu gildi þegar sérleyfisþjónustan, sem um ræðir, er þess eðlis að hún gæti vakið áhuga fyrirtækja sem hafa staðfestu í öðru EES-ríki.

Stjórnvöld í Noregi andmæltu niðurstöðum ESA og héldu því fram að fyllsta gagnsæis hefði verið gætt við úthlutun sérleyfanna í samræmi við ákvæði reglugerðar 1370/2007 um almenna farþegaflutninga á járnbrautum og á vegum. Þá héldu stjórnvöld í Noregi því fram að nokkur sérleyfanna væru þess eðlis að þau gætu ekki vakið áhuga erlendra fyrirtækja. ESA var ósammála þessum röksemdum stjórnvalda í Noregi og gaf því út rökstutt álit í málinu í júní árið 2012, ítrekaði þar fyrri niðurstöður sínar og fór þess á leit við stjórnvöld í Noregi að þau gerðu viðeigandi úrbætur innan tveggja mánuða. Í svari sínu við þessu álitinu viðurkenndu stjórnvöld í Noregi að við úthlutun sérleyfanna hefði verið brotið gegn skyldunni um gagnsæi og banninu við mismunun, en lögðu hvorki fram samþykktar ráðstafanir til úrbóta né tillögur að slíkum ráðstöfunum. ESA hefur sent stjórnvöldum í Noregi bréf og farið þess á leit að þau segi upp samningunum eða geri aðrar jafngildar ráðstafanir til þess að bæta úr brotinu.





Umhverfismál

Varnir gegn loftmengun

Eftirlitsstofnun EFTA hefur til athugunar kvörtun sem beint er gegn stjórnvöldum í Noregi og varðar meint brot á lögum um loftgæði.

Eitt af helstu markmiðum umhverfislöggjafar EES er að auka gæði loftsins sem við öndum að okkur. Vegna mikillar samþjöppunar iðnaðarstarfsemi og umferðar á þéttbýlissvæðum getur óhollt loft valdið alvarlegri heilsuvá. EES reglur um um gæði andrúmslofts takast á við þetta vandamál með ströngum ákvæðum um eftirlit með ýmsum mengunarsvöldum auk þess sem gert er skylt að koma upp viðbúnaðaráætlunum til þess að bregðast við óhollu lofti.

Í borgum er umferð vélknúinna ökutækja ein alvarlegasta ógnin við hreint loft. Hreyflar, sem brenna dísilolíu eða bensíni, losa margvísleg mengandi efni út í andrúmsloftið, m.a. kolsýrling, níturoxíð og svifagnir. Þessi mengunarefni geta haft mikil heilsuspillandi áhrif hjá þeim sem anda þeim að sér í miklum mæli og á það einkum við um fólki með lungna- og hjartasjúkdóma.

Á liðnu ári barst ESA kvörtun þess efnis að vegna brota á reglum um loftgæði í Noregi fari loftmengun yfir leyfileg

mörk í ýmsum borgum. Enda þótt stjórnvöld í Noregi hafi nú í undirbúningi að setja nýjar og strangari reglur til þess að vinna gegn mengun af völdum bílaumferðar, m.a. á þann hátt að heimilt verði að stöðva umferð tímabundið þegar mengun er mikil, er það skoðun kvartanda að enn hafi ekki verið komið upp viðhlítandi áætlunum þar sem fram komi hvaða ráðstöfunum verði beitt í reynd til þess að takast á við vandann.

Rannsókn stofnunarinnar á þessu máli er ekki enn lokið.

Viðskipti með losunarheimildir

Markið sett hátt í baráttunni gegn loftslagsbreytingum

Árið 2013 hefst uppbygging þriðja áfanga viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir (EU ETS).

Stefna Evrópusambandsins á sviði loftslagsbreytinga er einkum útfærð innan vébanda þessa kerfis. Með kerfinu er bæði sett hámark á leyfilega losun og komið upp aðferð til að stunda viðskipti með losunarheimildir með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda hjá þeim sem mest losa af slíkum efnum í Evrópusambandinu. EFTA-ríkin hafa átt aðild að kerfinu frá árinu 2008.

Þriðji áfangi kerfisins er byggður upp með hliðsjón af fenginni reynslu og er markið þar sett enn hærra að því er varðar losunartakmarkanir. Frá og með árinu 2013 verður gildissvið kerfisins rýmkað og tekur það þá einnig til fyrirtækja sem framleiða efni úr jarðolíu eða jarðgasi, ammoníaki og áli. Jafnframt verða verulegar breytingar á umsýsluþáttum kerfisins. Hér er þess einkum að geta að ein heildartakmörk á losun verða sett fyrir allt Evrópska efnahagssvæðið. Uppboð verða megináðferðin til að úthluta losunarheimildum og eiga að koma smám saman í stað úthlutunar án gjaldtöku.

Samræmdar reglur gilda á öllu EES svæðinu um úthlutun þeirra losunarheimilda til fyrirtækja sem enn verða fáanlegar án endurgjalds. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum hafa unnið að mótnun reglna sem kveða eiga á um hversu miklu af losunarheimildum verður úthlutað endurgjaldslaus til hvers fyrirtækis hverrar starfstöðvar sem rétt á til slíkra heimilda á yfirráðasvæði hvers ríkis. ESA hefur unnið að mati á þessum ráðstöfunum á árinu 2012 í nánú samstarfi við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins með það að markmiði að tryggja að þær samræmist hinum endurskoðuðu reglum. Þegar þörf gerist getur ESA áskilið að stjórnvöld í EFTA-ríkjunum geri nauðsynlegar breytingar á þessum reglum. Lokaákvörðunar um framkvæmd hvers lands er að vænta snemma á árinu 2013.

Skattlagning

Notkun bifreiða með EES-skráningu í Noregi

Stjórnvöldum í Noregi er óheimilt að innheimta fullt skráningargjald af vélknúnum ökutækjum sem einstaklingar, búsettir í Noregi, taka á kaupleigu eða fá lánuð til nota þar í landi.

Samkvæmt dómaframkvæmd dómstóls Evrópusambandsins er EES-ríki heimilt að innheimta skráningargjald af vélknúnu ökutæki sem er skráð í öðru EES-ríki ef það er fyrst og fremst ætlað til varanlegra nota á yfirráðasvæði þess. Aftur á móti er litið svo á að meðalhófsregla sé brotin ef gert er skylt að greiða fullt skráningargjald án nokkurs tillits til þess hve langt notkunartímabilið er. Fullt skráningargjald getur ekki átt rétt á sér nema notkunartímabilið samsvari því sem eftir er af endingartíma ökutækisins.

Með innheimtu fulls skráningargjalds reisa stjórnvöld í Noregi í reynd skorður við því að íbúar í Noregi nýti sér þjónustu fyrirtækja með staðfestu í öðrum EES-ríkjum á sviði kaupleigu bifreiða og við því að hin síðarnefndu bjóði íbúum í Noregi þjónustu sína. Þessi tilhögun stenst ekki ákvæði EES-samningsins um þjónustufrelsi. ESA sendi stjórnvöldum í Noregi rökstutt álit vegna þessa brots í nóvember árið 2012.

ESA sendi stjórnvöldum í Noregi um leið formlegt áminningarbréf að því er varðaði skráningargjald sem innheimt er af vélknúnum ökutækjum í einstaklingseigu sem skrásett eru erlendis og lánuð fólki sem hefur fasta búsetu í Noregi. Bréfið byggist á nýlegum dómi Dómstóls Evrópusambandsins sem segir að innheimta fulls skráningargjalds af ökutækjum sem fengin eru að láni á þennan hátt jafngildi hömlum á frjálsu flæði fjármagns. Skráningargjaldið gerir það síður vænlegt að fjármagn sé flutt á milli landa og þannig letur það íbúa í einu EES-ríki frá því að taka eitthvað að láni frá íbúum í öðru EES-ríki.

ESA væntir þess að svar við báðum þessum bréfum berist frá stjórnvöldum í Noregi snemma á árinu 2013.

Samgöngur

Aksturs- og hvíldartími við flutning á lifandi dýrum

Í september árið 2012 synjaði Eftirlitsstofnun EFTA beiðni stjórnvalda í Noregi um heimild til að veita varanlega undanþágu frá EES-reglum um aksturstíma og hvíldartíma við flutning á lifandi dýrum.

Í maí árið 2009 óskuðu stjórnvöld í Noregi eftir heimild ESA til að veita undanþágu frá ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 561/2006. Samkvæmt reglugerðinni getur ESA veitt undanþágur frá reglum aksturs- og hvíldartíma í undantekningartilvikum. Með beiðninni var sótt um að lengja heimilan aksturstíma án hvíldar að því er varðaði öll ökutæki sem notuð eru til flutninga á lifandi dýrum frá býli til sláturhúss. Jafnframt fóru stjórnvöld í Noregi fram á heimild til að haga lögskyldum hvíldartíma, sem kveðið er á um í reglugerðinni, með sveigjanlegri hætti en þar er mælt fyrir um. Stjórnvöld í Noregi vísuðu í beiðninni til sérstakra erfiðleika sem rekja mætti til aðstæðna í strjálbýli, mikils fjölda lítilla býla (sem hefði iðulega í för með sér að stöðva þyrfti ökutæki oft en í stuttan tíma þegar sláturdýr væru sótt, en það ylli dýrunum streitu og óróa) og mikilla vegalengda milli sláturhúsa í Noregi.

Í ákvörðun sinni frá 5. september 2012 synjaði ESA bæði aðalbeiðninni og aukabeiðninni og taldi ekki unnt að líta svo á að flutningastarfsemi, sem um væri að ræða, færi fram við aðstæður sem teldust til „undantekningartilvika“ eins og áskilið væri í 1. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar. Niðurstaða stofnunarinnar var sú að með hliðsjón af því að óskað væri varanlegrar undanþágu vegna reglulegrar starfsemi væri skilyrðum fyrir því að veita heimildina ekki fullnægt.



Schengen-svæðið

Hugtakið „Schengen-svæðið“ vísar til þeirra 26 Evrópuríkja sem hafa staðfest Schengen-samninginn, sem er nú hluti löggjafar Evrópusambandsins. Schengen-svæðið er starfrækt sem eitt alþjóðasvæði og felur í sér frjálsa för fólks yfir landamæri innan svæðisins, afnám eftirlits með innri landamærum á Schengen-svæðinu og ytra landamæraeftirlit gagnvart þeim sem ferðast inn á svæðið eða út af því.

Löndin á Schengen-svæðinu eru sem stendur 26 talsins: Austurríki, Belgía, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ísland, Ítalía, Lettland, Liechtenstein, Litháen, Lúxemborg, Malta, Noregur, Pólland, Portúgal, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland og Þýskaland.

Hugtakið „utan Schengen-svæðisins“ vísar til þeirra ríkja sem eiga ekki aðild að ofangreindum samningum.

Samgöngur

Mismunun að því er varðar brottfarargjöld farþega í Noregi

Stjórnvöldum í Noregi er ekki heimilt að innheimta mismunandi há brottfarargjöld af farþegum eftir því hvort um ræðir innanlandsflug eða flug innan Schengen-svæðisins.

Samkvæmt gjaldskrá, sem opinbera flugvallarekstrafélagið Avinor hefur birt fyrir árið 2013, er munurinn á gjöldunum 29%, eða 47 NOK í innanlandsflugi og 61 NOK í millilandaflugi.

Í júlí árið 2012 sendi ESA stjórnvöldum í Noregi bréf þess efnis að gjaldskrárákvarðanir Avinor hefðu falið í sér óréttmæta takmörkun á þjónustufrelsi á sviði flugs á Evrópska efnahagssvæðinu. Enginn munur er almennt á þjónustu við brottfararfarþega á flugvöllum, sem Avinor rekur, eftir því til hvaða áfangastaðar er flogið á Evrópska

efnahagssvæðinu. Komufarþegar geta hins vegar þurft að sæta tollskoðun í millilandaflugi innan svæðisins og við komu frá löndum utan Schengen-svæðisins geta farþegar þurft að sæta landamæraeftirliti.

Þar eð nú eru innheimt mismunandi brottfarargjöld eftir því hvort um er að ræða innanlandsflug eða millilandaflug til ríkja innan Schengen hefur ESA litið svo á að millilandaflug til ríkja innan Schengen njóti lakari meðferðar – ekki síst ef litið er til gjaldtöku – en sambærileg þjónusta í innanlandsflugi, þegar frá er talið lögskilytt toll-eftirlit. Með öðrum orðum virðist tolleftirlitið eitt ekki geta réttlætt að innheimt séu hærri brottfarargjöld en tíðkast í innanlandsflugi.

Í október árið 2012 bárust ESA þær upplýsingar frá stjórnvöldum í Noregi að þau hefðu tekið málið til athugunar og að ráðstafanir yrðu gerðar til að jafna brottfarargjöldin í tveimur áföngum árin 2013 og 2014.





Samgöngur

Bann við söfnun vildarpunkta í innanlandsflugi í Noregi

Norsk ákvæði sem banna söfnun vildarpunkta vegna innanlandsflugs í landinu brjóta gegn EES-samningnum.

Árið 2007 gaf norska ríkisstjórnin út reglugerð sem bannaði í reynd öllum flugrekendum að gefa viðskiptamönnum sínum kost á að safna vildarpunktum vegna innanlandsflugs í Noregi. Þetta almenna bann kom í stað annars af sama tagi sem hafði eingöngu tekið til fyrirtækja SAS-samstæðunnar. Bannið hefur það markmið að standa vörð um samkeppni í innanlandsflugi.

Í kjölfar kvörtunar frá SAS sendi ESA stjórnvöldum í Noregi formlegt áminningarbréf í júlí árið 2012. ESA telur að bannið samræmist ekki ákvæðum *tilskipunar um óréttmæta viðskiptahætti* (2005/29/EB). Til vara er talið að bannið hafi í för með sér óréttmæta takmörkun bæði á frjálsum þjónustuviðskiptum á sviði flugs á Evrópska efnahagssvæðinu og á staðfesturétti flugrekenda í Noregi.

Þó að Samkeppniseftirlit Noregs hafi lagt það til í febrúar árið 2012 að bannið yrði ekki látið gilda á þremur helstu flugleiðum í landinu tilkynntu stjórnvöld í Noregi í október árið 2012 að bannið yrði látið gilda áfram óbreytt.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur næstu skref í málinu til athugunar.





Matvæla- og fóðuröryggi, heilbrigði dýra og dýravelferð

Frá bóndanum á borðið

EES-löggjöf á sviði matvælaöryggis byggist á reglunni „frá bóndanum á borðið“. Sú regla felur í sér að tryggja beri öryggi matvæla á öllum stigum framleiðslu, allt frá bónda til lokaneytanda.

Sérhver matvælaframleiðandi ber ábyrgð á öryggi matvælnanna sem hann framleiðir. Þetta merkir að honum er skylt að tryggja að gætt sé hreinlætis og öryggis við framleiðsluna, að eftirlit sé með þeim hætti að áhættuþáttum sé haldið í skefjum eða sneitt hjá þeim og að rekja megi uppruna bæði hráefna og endanlegrar vöru.

Yfirvöldum í hverju aðildarríki EES-samningsins ber að hafa eftirlit með því að matvælaframleiðendur virði skyldur sínar samkvæmt EES-rétti. Engin höft eru á flutningi matvæla á innra markaðnum og því er mikilvægt að sjá til þess að stjórnvöld í aðildarríkjunum hagi eftirlitinu með samræmdum hætti. Til þess að ganga úr skugga um að þetta sé gert fara fram vettvangsskoðanir á vegum Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í þeim aðildarríkjum sem heyr



Eftirlitsskoðanir 2012

Noregur

- Matvælahollusta og innflutningur matvæla annarra en dýraafurða í Noregi
- Efni sem komast í snertingu við matvæli (umbúðafeni, eldhússáhöld o.s.frv.)
- Smitsjúkdómar (smitvaldar sem berast milli manna og dýra og salmonella)
- Viðbúnaðaráætlanir vegna tilvika um smitandi dýrasjúkdóma
- Dýravelferð

Ísland

- Kjöt- og mjólkurafurðir
- Efni sem komast í snertingu við matvæli (umbúðafeni, eldhússáhöld o.s.frv.)
- Smitsjúkdómar (smitvaldar sem berast milli manna og dýra og salmonella)
- Innflutningseftirlit og dýraheilbrigðisskoðun á landamærum

undir hvora stofnun fyrir sig. Til þess að tryggja samræmi eru skoðunarmenn frá Eftirlitsstofnun EFTA reglulega viðstaddir vettvangsskoðanir framkvæmdastjórnarinnar og öfugt.

Dýraheilbrigðisskoðanir

Árið 2012 fóru níu skoðanir fram á vegum Eftirlitsstofnunar EFTA í EFTA-ríkjunum. Skýrslur um vettvangsskoðanirnar hafa verið birtar á vefsetri stofnunarinnar.

Þegar á heildina er litið eru eftirlitskerfi í EFTA-ríkjunum starfrækt á fullnægjandi hátt. Alvarlegir ágallar hafa þó komið í ljós á sumum sviðum. Á Íslandi er nauðsynlegt að efla framfylgni við gildandi ákvæða til þess að tryggja að starfstöðvar, sem virða ekki ákvæði EES-löggjafar á sviði matvælahollustu, geti ekki komið vörum á markað. Í Noregi kom í ljós að mikið skorti á fullnægjandi hollustuhætti í sjúkrahússeldhúsi sem sér mörgum sjúklingum fyrir mat, enda þótt eftirlitsyfirvöld í landinu hefðu skoðað eldhúsið reglulega.

Hollustuháttapakki

Hinn 1. nóvember 2011 tók svonefndur „hollustuháttapakki“ gildi gagnvart Íslandi. Undir hann falla ýmsar EES-gerðir sem hafa að geyma almennar og sértækar reglur á sviði matvæla- og fóðurlöggjafar. Allt til 1. nóvember 2011 voru aðeins í gildi á Íslandi þær gerðir úr pakkanum sem vörðuðu fisk og sjávarafurðir. Frá þeim degi átti þessi löggjöf hins vegar að gilda að fullu um alla matvælaframleiðslu í landinu.

Nokkrar tafir urðu á innleiðingu löggjafarinnar af hálfu stjórnvalda á Íslandi. Á árinu 2012 sendi ESA stjórnvöldum á Íslandi 19 formleg áminningarbréf er vörðuðu innleiðingu löggjafar í heilbrigðispakkanum og sjö rökstudd álit voru gefin út. Nú einu ári síðar hefur löggjöfin að mestu verið innleidd á Íslandi. Einu máli hefur þó verið vísað til EFTA-dómstólsins og tvö önnur mál eru þess eðlis að ESA hefur ekki getað fullvissað sig um að löggjöfin hafi verið innleidd á réttan hátt.

Kúariða

Á árinu 2012 hefur Eftirlitsstofnun EFTA tekið til meðferðar ýmis mál sem tengjast forvörnum og eftirliti með kúariðu og hvernig tekið er á sjúkdómnum.

Fiskimjöl – Noregur

Í Noregi hefur ekki verið séð til þess að framleiðsla á fóðri jörturdýra sé fyllilega aðgreind frá framleiðslu fódurs annarra dýrategunda, til að mynda alifugla og svína, sem getur haft að geyma dýrapróttín úr fiskmjöli. Þessum vinnubrögðum fylgir hætta á víxlsmíti milli vinnsluleiða. ESA sendi stjórnvöldum í Noregi formlegt áminningarbréf í desember árið 2012 og gaf þeim tveggja mánaða frest til að svara.

Eftirlit með sjúkdómnum – Noregur

Stjórnvöld í Noregi hafa farið þess á leit við ESA að heimilt verði að taka eftirlitsáætlun þeirra vegna kúariðu til endurskoðunar. ESA hefur óskað eftir vísindalegri aðstoð Matvæla-öryggisstofnunar Evrópu (EFSA) í þessu máli. Skýrslu frá EFSA er að vænta í febrúar árið 2013.

Ráðstafanir til að fjarlægja „sérstök áhættuefni“ – Ísland

Stjórnvöld á Íslandi hafa ekki innleitt þau ákvæði reglugerðarinnar sem lúta að því að fjarlægja úr skrokkum sláturdýra vefi sem mikil hætta er á að smitefni finnist í. ESA afhenti stjórnvöldum á Íslandi rökstutt álit

í september árið 2012. Frestur stjórnvalda á Íslandi til að svara álitinu hefur verið framlengdur til febrúar árið 2013.

Innleiðing EES-löggjafar á sviði matvæla

Koffín í matvælum og drykkjarvörum – Ísland

Samkvæmt íslenskum lögum er notkun koffíns í öðrum matvælum en drykkjarvörum óheimil en engin ákvæði eru um hámarksgildi íblandaðs koffíns í drykkjarvörum. ESA lítur svo á að þetta samræmist ekki ákvæði 11. gr. EES-samningsins. Eftir að stjórnvöld á Íslandi fengu sent formlegt áminningarbréf frá ESA árið 2011 hafa þau lagt til að löggjöf um íblandað koffín í matvælum og drykkjarvörum verði breytt þannig að kveðið verði á um mismunandi hámarksgildi fyrir íblandað koffín í matvælum og drykkjarvörum. Markmiðið með þessu er að tryggja að neysla á vörum með koffíninnihaldi, sem seldar eru á Íslandi og geta hugsanlega verið heilsuspillandi, haldist innan tiltekinna marka. Stjórnvöld á Íslandi hafa tekið upp skilgreiningu á „orkudrykkjum“ og hyggjast banna notkun koffíns í áfengum drykkjum.

Varnir gegn kúariðu

Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru meðal annars settar reglur um forvarnir gegn kúariðu (smitandi heilahrörnun), eftirlit með henni og hvernig tekið skuli á sjúkdómnum. Þessi sjúkdómur raskaði matvælaframleiðslu í Evrópu verulega á 10. áratugnum en talið er að neysla kjöts af nautgripum, sem smitast hafa af kúariðu, geti valdið alvarlegum sjúkdómi í mönnum.

Til þess að forðast megi að dýr smitist af sjúkdómnum er í reglugerðinni lagt bann við því að gefa jörturdýrum, svo sem nautgripum og sauðfé, dýrapróttín.

Stjórnvöld í aðildarríkjunum verða að hafa náið eftirlit með nautgripum hver í sínu landi til þess að unnt sé að greina minnstu merki um að kúariða sé að skjóta upp kollinum.

Loks er nauðsynlegt, til þess að draga enn frekar úr hættunni á að sjúkdómurinn smitist til manna, að fjarlægja úr skrokkum sláturdýra tiltekna dýravefi sem mestar líkur eru taldar á beri með sér smit, svo sem heila og hrygg.



3. Kafli

RÍKISAÐSTOÐ

Það helsta frá árinu 2012

Á árinu 2012 tók Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) 24 ákvarðanir um ríkisaðstoð af ýmsum toga. Þrettán þessara ákvarðanna voru ráðstafanir stjórnvalda í Noregi. Stofnunin heimilaði aðstoð í ýmsum mikilvægum greinum atvinnulífsins, meðal annars aðstoð sem veitt er orku-fyrirtækjum í umhverfisverndarskyni og endurgjald fyrir almannaþjónustu á sviði fólksflutninga.

Tíu ákvarðanir voru ráðstafanir stjórnvalda á Íslandi og var meðal annars bundinn endahnútur á rannsókn ESA á aðstoð til björgunar og endurskipulagningar þriggja helstu banka á Íslandi. Niðurstaða stofnunarinnar var á þá leið að aðstoðin, sem nýju bankarnir hefðu hlotið, samræmdist gildandi reglum þar eð hún hefði verið hæfilega

mikil að teknu tilliti til þess markmiðs að koma á fót nýjum, rekstrarhæfum bönkum. Tryggt var, með þeim skuldbindingum sem bankarnir tóku á sig, að óæskileg samkeppnisáhrif aðstoðarinnar yrðu eins lítil og kostur var. Ásamt ýmsum öðrum ákvörðunum, sem teknar voru árin 2011 og 2012, eru ofangreindar ákvarðanir mikilvægt skref í þá átt að ljúka rannsókn ESA á þeim ráðstöfunum sem tilkynntar voru eftir að íslenska bankakerfið féll saman árið 2008.

Í nokkrum tilvikum synjaði ESA um samþykki og krafðist þess að endurheimt yrði fjárhæð sem nam muninum á lágu kaupverði og raunverulegu markaðsverði í tengslum við sölu á lóðum og húseignum. Til þess að sneiða hjá vandkvæðum þegar ríkisaðstoð er veitt skiptir ekki aðeins miklu að hvers kyns fasteignaviðskipti byggist á markaðsverði, heldur að opinberir aðilar geti vísað fram fullnægjandi skjalfestum gögnum um viðskiptin. Til þess að tryggja þetta má annaðhvort

Reglur um ríkisaðstoð

Ríkisaðstoð er stuðningur opinberra aðila við þá sem hafa með höndum atvinnurekstur. Augljósast er að um ríkisaðstoð er að ræða, svo dæmi sé tekið, þegar stjórnvöld styrkja fyrirtæki í því skyni að liðka fyrir fjárfestingum í atvinnurekstri, eða inna af hendi aðstoð til björgunar og endurskipulagningar í fyrirtækjum sem standa höllum fæti. Til ríkisaðstoðar teljast þó einnig margvíslegar aðrar tegundir opinbers stuðnings, til að mynda skattundanþágur og lán á vildarkjörum, svo og ríkisábyrgðir og hlutfjárframlög hins opinbera sem samið er um samkvæmt skilmálum sem einkafjárfestir myndi ekki telja viðunandi. Um ríkisaðstoð er að ræða þegar stuðningurinn;

- er veittur á vegum ríkisins eða með þeim hætti að gengið sé á ríkisfjármuni,
- færir viðtakendum tiltekið forskot,

- ívilnar ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara,
- raskar eða er til þess fallinn að raska samkeppni og
- hefur áhrif á viðskipti milli EES-ríkja.

Í EES-samningnum er kveðið á um almennt bann við ríkisaðstoð og er tilgangurinn sá að vinna gegn samkeppnisröskun og óæskilegum áhrifum slíkrar aðstoðar á viðskipti milli EES-ríkja. Tilgangur þessara reglna er að tryggja að fyrirtæki hvarvetna í Evrópu standi jöfnum fæti og að stuðningur hins opinbera nýtist ekki sem verndar-ráðstöfun í umhverfi þar sem viðskiptahöft hafa verið afnumin. Heimilt er þó að gera undantekningar frá banninu með hliðsjón af því að afskipti ríkisins geta verið nauðsynleg til þess að ráða bót á markaðsbrestum og í öðrum tilgangi.



afla virðismats frá óháðum matsmanni áður en salan fer fram eða notast einfaldlega við útboð.

Árið 2012 samþykkti ESA nýjar leiðbeinandi reglur um endurgjald fyrir almannaþjónustu. Þær reglur hafa mikla hagnýta þýðingu fyrir stjórnvöld í EFTA-ríkjunum. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum halda réttinum til að skilgreina þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu og meta þörfina á slíkri þjónustu. Í leiðbeinandi reglunum er þó tekið skýrt fram að mikilvægt sé að gefa út formlegt umboðsskjal þar sem almannaþjónustan er skilgreind og sem hafa að geyma ákvæði sem tryggja að greitt endurgjald takmarkist við kostnaðinn við að leysa verkefnið af hendi þannig að hagkvæmni sé gætt.

EFTA-dómstóllinn tók fjórar ákvarðanir ESA til meðferðar á árinu 2012 og staðfesti þrjár þeirra. Í Hurtigruten-málinu var dómstóllinn sammála því mati stofnunarinnar að viðbótarstyrkir, sem ríkið greiddi fyrirtæki árið 2008 vegna almannaðjónustu á sviði strandflutninga, hefðu einnig nýst til þess að niðurgreiða almenna viðskiptastarfsemi þess. Því var um að ræða ólöglega ríkisaðstoð sem skylt væri að endurgreiða. Dómstóllinn lagði einnig áherslu á nauðsyn þess að viðhafa fullnægjandi skráningu og gæta gagnsæis í tengslum við ráðstöfun almannaþjónu.

Helstu forgangsmál á árinu 2013

Í kjölfar undirbúningsviðræðna, sem fram fóru árið 2012, gerir ESA ráð fyrir að fá í hendur formlegar tilkynningar um nýja og umfangsmikla ríkisaðstoð bæði í Noregi og á Íslandi. Stofnunin væntir þess jafnframt að stjórnvöld í þessum ríkjum virði stöðvunarákvæði EES-samningsins. Engar nýjar ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar mega koma til framkvæmda fyrr en þær hafa hlotið samþykki ESA.

Á árinu 2013 verður málsmeðferð kvartana einnig forgangsmál. Frá atvinnurekendum í EFTA-ríkjunum koma nú sem áður mikilvægar upplýsingar um markaði á Evrópska efnahagssvæðinu. ESA hafa borist ýmsar kvartanir um starfsemi opinberra stofnana sem bæði annast stjórnsluverkefni og hafa með höndum atvinnustarfsemi. Við þær aðstæður ber samkvæmt reglum um ríkisaðstoð að viðhafa fjárhagslegan aðskilnað og skipta kostnaði á eðlilegan hátt milli þessara tveggja tegunda starfsemi. Mikilvægt er að standa þannig að málum til þess að forðast að ríkisfjármunir nýtist til að niðurgreiða almennan atvinnurekstur.

Árið 2012 hleypti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins af stokkunum áætlun um endurbætur á ríkisaðstoðarreglunum. Þar er um að ræða umfangsmesta og mikilvægasta verkefni sem ráðist hefur verið í til að endurnýja reglur og málsmeðferð á sviði ríkisaðstoðar frá því að EES-samningurinn öðlaðist gildi. Með þessum endurbótum er stefnt að þrenns konar nátengdum markmiðum. Í fyrsta lagi eiga þær að stuðla að hagvexti, sem mikil þörf er á í Evrópu. Í öðru lagi eiga þær að beina framfylgd ríkisaðstoðarreglna fyrst og fremst að forgangsmálum er varða innra markaðinn. Í þriðja lagi eiga þær að gera regluverkið liprara og tryggja hraðari ákvarðanatöku.

Í þessu tilliti er fyrirhugað að endurskoða ýmsa kafla þeirra leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð sem nú eru í gildi. ESA hyggst að sínu leyti taka virkan þátt í þessari endurskoðun og gefa út hliðstæðar leiðbeinandi reglur til þess að halda EES-markaðnum áfram einsleitum. Á árinu 2013 verða meðal annars eftirfarandi kaflar leiðbeinandi reglnanna endurskoðaðir: byggðaaðstoð, rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun, aðstoð í umhverfisverndarskyni, áhættufjármögnun og útbreiðslu breiðbandskerfa. Í tengslum við útgáfu nýrra leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð verða ný byggðakort EFTA-ríkjanna einnig tekin til ítarlegs mats hjá ESA að fenginni tilkynningu frá hverju ríki.



Auk þessa fela tillögur um endurbætur á ríkisaðstoðarreglunum í sér að lögleidd verði ný ákvæði um öflun markaðsgagna og annarra upplýsinga frá atvinnurekendum. Loks er stefnt að því með endurbótunum að stjórnvöldum í hverju landi verði færð aukin ábyrgð í tengslum við rýmkun á gildissviði reglugerðar um hópundanþágur. Til þess að koma megi að breytingum á málsmeðferð að því er varðar eftirlit með ríkisaðstoð til framkvæmda verða stjórnvöld í EFTA-ríkjunum að endurskoða ákvæði bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum verða því að leggja mikið af mörkum til þess að hin háleitu markmið endurbótaáætlunarinnar náist. Þau verða meðal annars að sjá til þess að rétt sé staðið að beitingu hinna víðtækari ákvæða hópundanþágureglugerðarinnar svo og eftirliti og skýrslugjöf í því tilliti. Þá verður árangur af því markmiði að hraða ákvarðanatöku eftir sem áður undir því kominn að stjórnvöld í EFTA-ríkjunum standi vörð um ákvæði um stöðvunar- og tilkynningarskyldu, sem og að skjót og fullnægjandi svör berist við upplýsingabeiðnum stofnunarinnar.

Ákvarðanir sem tengjast fjármálakreppunni á Íslandi

Þrjár stærstu viðskiptabankarnir á Íslandi

ESA samþykkti ríkisaðstoð sem veitt var til þess að endurskipuleggja starfsemi íslensku viðskiptabankanna Þriggja (Íslandsbanka, Arion banka og Landsbankans) með þremur ákvörðunum sem teknar voru í júní og júlí árið 2012.

Með þessum endanlegu ákvörðunum lauk rannsókn stofnunarinnar á þremur af umfangsmestu ríkisaðstoðarmálunum sem hún hafði fengið til meðferðar eftir að fjármálakerfið á Íslandi féll saman árið 2008. Íslandsbanki, Arion banki og Landsbankinn voru stofnaðir eftir að fyrirtækin, sem þeir tóku við af, Glitnir, Kaupþing og Landsbanki Íslands, urðu gjaldþrota í október árið 2008. Starfsemi föllnu bankanna, ásamt innlendum eignum og skuldum, var að mestu flutt til nýju bankanna. Í tengslum við þetta kom til stuðningur af ýmsu tagi frá íslenska ríkinu. Þar var meðal annars um að ræða hlutfjárframlög, víkjandi lán og sérstaka lausafjárfrigreiðslu, auk ótakmarkaðrar ríkisábyrgðar á innstæðum í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum.

ESA lagði mat á hvort aðstoðin gæti samrýmst ákvæðum EES-samningsins með vísan til b-liðar 3. mgr. 61. gr. samningsins, en samkvæmt honum er heimilt að veita aðstoð til að ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi EES-ríkis. Bönkunum var hverjum um sig gert að leggja fram áætlun um endurskipulagningu þar sem fram

Hlutverk Eftirlitsstofnunar EFTA

Eftirlitsstofnun EFTA framfylgir banninu við ríkisaðstoð hvað varðar Ísland, í Liechtenstein og í Noreg. Það fellur einnig undir hlutverk stofnunarinnar að ákveða hvernig undantekningum frá banninu skuli hagað. Þegar kemur að framfylgd reglnanna hefur stofnunin sams konar valdheimildir og svipað starfssvið og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Skyllt er að tilkynna ESA áform um að veita ríkisaðstoð áður en þau komast til framkvæmda. Stofnuninni ber þá að meta hvort áformin fela í sér ríkisaðstoð og jafnframt hvort aðstoðin sé þess eðlis að veita megi undanþágu vegna hennar.

Ákvarðanir stofnunarinnar á sviði ríkisaðstoðar eru birtar á vefsetri hennar og í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

kæmi hvernig þeir gætu orðið rekstrarhæfir á ný til lengri tíma lítið, hvernig kostnaði við endurskipulagninguna yrði skipt milli eigenda bankanna, bankans sjálfs og ríkisins og að aðstoðin yrði takmörkuð við nauðsynlegt lágmark. Jafnframt var áskilið að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að takmarka samkeppnisröskun svo fullnægjandi þætti: Bankarnir skuldbinda sig til að kaupa ekki upp önnur fjármálafyrirtæki á endurskipulagningartímanum, eignarhlutir þeirra bæði í fjármálafyrirtækjum og fyrirtækjum sem sæta endurskipulagningu verða seldir og ráðstafanir verða gerðar til þess að styrkja í sessi nýja og smáa keppinauta á sviði fjármálastarfsemi. Stjórnvöld á Íslandi lýstu sig reiðubúin til að breyta lögum í þeim tilgangi að gera viðskiptamönnum auðveldara fyrir að færa viðskipti sín milli banka, draga úr kostnaði við það og efla þannig samkeppni á sviði fjármálaþjónustu.

Aðstoð við fjárfestingarsjóði á Íslandi

Í júlí árið 2012 komst ESA að þeirri niðurstöðu að ríkisaðstoð, sem runnið hafði til átta íslenskra fjárfestingarsjóða, samræmdist reglum EES-samningsins.

Sökum þess að sjóðirnir höfðu tapað miklum fjármunum og fjárfestar sóttust mjög eftir að innleysa eign sína í þeim mæltist Fjármálaeftirlitið til þess í október árið 2008 að rekstrarfélög verðbréfasjóða leystu upp alla sjóði aðra en þá sem féllu undir ákvæði UCITS. Í kjölfar þess keyptu nýju ríkisreknu bankarnir eignir átta þessara sjóða, sem allir voru reknir á vegum dótturfélaga bankanna, fyrir alls 82,2 milljarða króna (um 536 milljónir evra). Eignirnar voru að stærstum hluta skuldabréf föllnu bankanna eða



fyrirtækja sem voru í eigu þeirra eða þeir áttu ráðandi hlut í. Eigendur fjármuna í þessum sjóðum fengu greiðslur sem námu frá 60% til 85% (eftir sjóði) af síðasta skráða gengi hlutdeildarskírteina.

Athugun ESA á málinu leiddi það í ljós að viðskiptin fælu í sér ríkisaðstoð þar eð fjármögnun þeirra hefði gengið á fjármuni banka sem væru að fullu í eigu ríkisins og settir undir bráðabirgðastjórnir sem að mestu væru skipaðar ríkisstarfsmönnum. Viðskiptin fóru ekki fram á markaðskjörum sem einkafjárfestir hefði talið viðunandi enda var mikil óvissa um virði eignanna á þessum tíma.

Álit ESA var að ríkisaðstoðin samræmdist EES-samningnum með vísan til b-liðar 3. mgr. 61. gr. samningsins. Fjármálakerfið á Íslandi hafði fallið saman í október árið 2008 og ríkisstjórnin séð sig tilneydda að grípa til óvenjulegra ráðstafana til þess að freista þess að koma á stöðugleika í efnahagslífinu. Umræddar ráðstafanir hefðu verið nauðsynlegar og hæfilega umfangsmiklar með hliðsjón af því markmiði að byggja aftur upp traust til fjármálafyrirtækja.

Fjárfestingabankar á Íslandi

Í desember árið 2012 felldi ESA niður formlega rannsókn á lánum sem veitt höfðu verið fjárfestingabönkunum Sögu, VBS og Askar Capital.

Lánin námu alls 52 milljörðum króna (330 milljónum evra) og voru veitt úr ríkissjóði á vildarkjörum í mars árið 2009 til þess að skuldbreyta skammtímakröfum í formi veðlána og verðbréfalána frá Seðlabanka Íslands í langtímalán. Til tryggingar þessum lánum voru meðal annars lögð fram skuldabréf viðskiptabankanna Þriggja, Glitnis, Kaupþings og Landsbanka Íslands, sem féllu í október 2008.

Enda þótt stjórnvöld á Íslandi héldu því fram að þau hefðu leitast við að verja hagsmuni ríkisins og tekið mið af

háttsemi einkafjárfestis taldi ESA nokkurn vafa á að kjörin, sem ríkissjóður féllst á, samræmdust markaðsskilmálum.

Fjárfestingabankarnir þrír höfðu hins vegar verið teknir til slitameðferðar og höfðu hætt allri venjulegri starfsemi. Af þeirri ástæðu hefði mat á ráðstöfununum og því hvort þær samrýmdust gildandi reglum enga þýðingu. Með hliðsjón af þessum aðstæðum ákvað stofnunin í desember árið 2012 að fella rannsóknina niður.

Sala á lóðum

Endurheimta aðstoðar frá fyrirtækinu Haslemoen

ESA gerði Haslemoen AS að endurgreiða aðstoð að fjárhæð 4,9 milljónir norskra króna (670,000 evra) sem fyrirtækið taldist hafa fengið í tengslum við kaup á húseignum sem metnar voru undir markaðsvirði.

Hlutaðeigandi sveitarfélag keypti herstöðina Haslemoen Leir af norska ríkinu árið 2005 fyrir 46 milljónir norskra króna (6,3 milljónir evra). Áður en ár var liðið seldi

Hvað er UCITS?

UCITS er tilskipun sem Evrópusambandið hefur gefið út og felur í sér að komið er á sameiginlegu regluverki fyrir verðbréfasjóði (en. *Undertakings for Collective Investment in Transferable Securities*). Þjónustu sjóða, sem starfa samkvæmt ákvæðum UCITS, má markaðssetja hvarvetna í Evrópusambandinu. Fjárfestingar þeirra eru bundnar við verðbréf sem skráð eru í opinberar kauphallir. Margir almennir verðbréfasjóðir í Evrópu nýta sér ákvæði UCITS-löggjafarinnar.



Það Haslemoen AS 29 af þeim 44 byggingum, sem stóðu í svonefndum innri búðum Haslemoen Leir, fyrir 4 milljónir norskra króna (540.000 evra). Að lokinni formlegri rannsókn varð það niðurstaða ESA að kaupverðið hefði verið lægra en sem nam upphaflegum tilkostnaði sveitarfélagsins, og því undir markaðsvirði. Stjórnvöld í Noregi endurheimtu hina ólögsmætu aðstoð að fullu áður en sumarið gekk í garð, að viðbættum vöxtum og vaxtavöxtum.

Lóðarsala í Oppdal samþykkt

Í maí árið 2012 komst ESA að þeirri niðurstöðu að söluverð lóðar í sveitarfélaginu Oppdal hefði ekki falið í sér ríkisaðstoð.

Í málinu byggði sveitarstjórnin ákvarðanir sínar á tveimur matsgerðum óháðra aðila. Virði eignarinnar var samkvæmt matinu 800.000–850.000 norskra króna (110.000–116.000 evra). Áður en eignin var seld barst sveitarstjórninni hins vegar hærra kauppboð sem stangaðist nokkuð á við þetta mat. Var það að fjárhæð 3,1 milljón norskra króna (420.000 evra) og bjóðandinn var keppinautur fyrirhugaðs kaupanda. Sveitarstjórnin ákvað engu að síður að selja eignina fyrir 850.000 norskra króna án þess að taka hærra tilboðið til nánari skoðunar, og með vísan til þessa hóf ESA formlega rannsókn á málinu.

Niðurstaða stofnunarinnar var að keppinauturinn hefði haft sérstaka hagsmuni af því að komast yfir eignina og verið af þeim sökum reiðubúinn að greiða óeðlilega hátt verð fyrir hana til þess að koma í veg fyrir að hitt fyrirtækið gæti veitt honum samkeppni með því að hefja starfsemi á lóðinni. Hærra tilboðið var þannig ekki sambærilegt við tilboð kaupandans og gat ekki þjónað sem fullnægjandi vísbending um að virði eignarinnar og samkvæmt áætlun óháðu matsmannanna endurspeglaði það ekki markaðsvirði.

Ríkisaðstoð á sviði flutningastarfsemi

Oslo Sporveier og Sporveisbussene

Í desember árið 2012 felldi ESA niður rannsókn sína á aðstoð sem veitt hafði verið AS Oslo Sporveier og AS Sporveisbussene.

Í kjölfar dóms sem féll í EFTA-dómstólnum tók ESA í mars árið 2012 að nýju til formlegrar rannsóknar endurgjald sem AS Oslo Sporveier og AS Sporveisbussene höfðu fengið greitt fyrir að starfrækja strætisvagnþjónustu samkvæmt fastri áætlun í Ósló á árunum 1994–2008. Rannsóknin tók

Sala á lóðum

Við mat á því hvort ólögsmæt ríkisaðstoð hefur verið veitt í tengslum við sölu opinberra aðila á lóðum og húseignum má styðjast við það ákvæði leiðbeinandi reglna ESA að upphaflegur tilkostnaður vegna kaupa á viðkomandi húseign geti þjónað sem vísbending um markaðsvirði hennar. Þetta á við nema umtalsverður tími hafi liðið frá kaupunum og fram að sölu.

Í leiðbeinandi reglum er lýst tvenns konar aðstæðum þar sem verðið, sem greitt var fyrir húseignina, geti talist samsvara markaðsvirði og þannig megi útiloka að gengið hafi verið á ríkisfjármuni:

1. Salan hefur átt sér stað samkvæmt skilmálalausu útboði.
2. Salan hefur átt sér stað að fengnu virðismati óháðra matsmanna.





einnig til eiginfjárframlags sem borgarstjórn Óslóar reiddi af hendi í júní árið 2004 til þess að jafna halla á lífeyrisskuldbindingum vegna bæði almannaþjónustu og þjónustu sem starfrækt var á viðskiptagrundvelli, svo og þess hvernig samsköttunarreglum hefur verið beitt gagnvart Oslo Sporveier-samstæðunni og frá hennar hálfu.

ESA komst að þeirri niðurstöðu að árlegt endurgjald fyrir þjónustuna ásamt þeim hluta eiginfjárframlagsins frá árinu 2004, sem væri vegna almannaþjónustu, skyldi teljast eldri aðstoð, enda hefðu greiðslurnar byggst á ákvæðum eldra aðstoðarkerfis. Sú aðstoð teldist í báðum tilvikum samrýmanleg ákvæðum EES-samningsins sökum þess að hún hefði aðeins numið kostnaði við almannaþjónustuna að frádregnum tekjum af rekstrinum og að teknu tilliti til eðlilegs hagnaðar.

Að því er varðaði þann hluta eiginfjárframlagsins frá árinu 2004 sem ætlað hefði verið að jafna halla á lífeyrisskuldbindingum vegna þjónustu sem starfrækt var á viðskiptagrundvelli var niðurstaða ESA á þá leið að einkafjárfestir í markaðshagkerfi hefði verið reiðubúinn að leggja fram fé með sömu skilmálum, og því nytu fyrirtækin ekki forskots nú sem rekja mætti til þessa.

Loks komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að því er varðaði beitingu samsköttunarreglna og hagræði af skattundanþágum að sú ráðstöfun hefði í för með sér forskot fyrir félög sem skipulögð væru sem samstæður í samanburði við stöðu stakra rekstrareininga. Undanþágur af þessu tagi yrðu þó að teljast í samræmi við hugsunina að baki skattkerfinu þegar litið væri til þess að í kerfi af þessu tagi nytu fyrirtæki í einni og sömu samstæðu sambærilegrar skattmeðferðar og jafnræðis að því er varðaði skattlagningu.

[Sjóður til styrktar leiguflugi í Norður-Noregi](#)

ESA ákvað í júní árið 2012 að hefja formlega rannsókn á aðstoðaráætlun sem henni hafði borist tilkynning um og varðaði sjóð til styrktar leiguflugi í Norður-Noregi.

Tilgangur áætlunarinnar er að ýta undir aukna notkun flugvalla í Norður-Noregi og efla byggðapróun í þeim landshluta.

Ráðstöfunin snýr að fylkjunum þremur Norðurland, Troms og Finnmark.

Stjórnvöld í þessum fylkjum hyggjast koma á fót sjóði til styrktar leiguflugi sem standa á undir hluta af leiguflugskostnaði ferðaþjónustufyrirtækja sem skipuleggja ferðir með leiguflugi til Norður-Noregs. Heimilt verður að greiða úr sjóðnum allt að 25% af kostnaði við hvert leiguflug, að því tilskildu að uppgjör við lok hvers leiguflugstímabils sýni að sætanýting hafi verið minni en 80%.

Í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð er kveðið á um að veita megi rekstraraðstoð í því skyni að vinna gegn fólksfækkun í fámennustu héruðum hvers lands. Stjórnvöld í Noregi hafa lýst þeirri skoðun að áætlunin samræmist leiðbeinandi reglum ESA um byggðaaðstoð þar eð hún muni stöðva eða minnka þá fólksfækkun sem nú er viðvarandi í Norður-Noregi.

ESA hóf formlega rannsókn á málinu og taldi vafa á að áætlun, sem gerir ráð fyrir rekstraraðstoð við ferðaþjónustufyrirtæki jafnvel þótt þau kunni að hafa staðfestu utan fámennustu byggðarlaganna, gæti talist samrýmanleg leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð.

Aðstoð til umhverfisverndar

[Stuðningur vegna uppsetningar fjarhitunarkerfa](#)

Á árinu 2012 samþykkti ESA ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í tengslum við tvennar framkvæmdir á sviði fjarhitunar/fjarkælingar í Noregi. Framkvæmdirnar eru styrktar með fjárveitingum úr Orkusjóði Noregs.

Í maí árið 2012 heimilaði ESA aðstoð að fjárhæð 73,1 milljón norskra króna (1 milljón evra) við Akershus Energi Varme AS vegna uppsetningar og stækkunar fjarhitunar- og fjarkælikerfis í Lillestrøm, Strømmen og Nitteberg. Akershus-verkefnið er fólgið í því að tengja 167 notendur við fjarhitunar- og fjarkælikerfið. Áætlað er að frumorkunotkun minnki um 35% vegna fjarhitunarhlutans og um 10,7% vegna fjarkælihlutans.



Í desember árið 2012 samþykkti ESA aðstoð að fjárhæð 120,5 milljónir norskra króna (1,7 milljónir evra) við Eidsiva Bioenergi AS vegna uppsetningar á viðar- og lífólukyntri fjarhitunarstöð í Gjövík. Með Eidsiva-verkefninu á að verða kleift að ná fram hreinum sparnaði sem nemur að minnsta kosti 17.417.000 lítrum af olíu á ári og minnka koltvísýringslosun um að minnsta kosti 47.000 tonn. Hvorugt verkefnið væri rekstrarhæft ef engin aðstoð kæmi til.

Uppbygging kolefnisföngunarstöðvar í Mongstad

ESA samþykkti þá ákvörðun norska ríkisins að standa straum af kostnaði við uppbyggingaráfanga iðjuvers í fullri rekstrarstærð fyrir föngun og geymslu koltvísýrings (FGK) í Mongstad.

Það verkefni er starfrækt með það að endanlegu markmiði að fanga og geyma koltvísýring úr útblæstri olíuhreinsistöðvar og samorkuvers í Mongstad. Á þessu stigi málsins verður fjármögnun tækni- og rekstrarhæfniathugana fyrir FGK-iðjuver í fullri rekstrarstærð í höndum norska ríkisins.

Aðstoð vegna uppbyggingaráfangans, sem nemur 2,85 milljörðum norskra króna, er veitt samkvæmt samningi sem ríkið, Gassnova og Statoil hafa gert með sér. Framkvæmd verkefnisins er í höndum Statoil, sem mun annast kaup á tæknibúnaði og öðrum aðföngum frá birgjum í samræmi við reglur sem gilda um opinber innkaup í Noregi og á Evrópska efnahagssvæðinu. Aðstoðin er vel sniðin að því markmiði að efla föngun og geymslu kolefnis en jafnframt er hugsanlegri samkeppnisröskun og óæskilegum áhrifum á viðskipti haldið í skefjum. Gassnova er aðeins ætlað að annast eftirlit með framkvæmd verkefnisins en ekki að taka þátt í atvinnurekstrinum. ESA hefur því komist að þeirri niðurstöðu að fjármunirnir, sem ráðstafað hefur verið til Gassnova í tengslum við þetta verkefni (200 milljónir norskra króna), hafi ekki í för með sér ríkisaðstoð.

Vinnsla endurnýjanlegrar orku: Södra Cell

Í apríl árið 2012 samþykkti ESA greiðslu úr Orkusjóði Noregs að fjárhæð 100 milljónir norskra króna en um er að ræða aðstoð sem Södra Cell Tofte AS er veitt í umhverfisverndarskyni.

Södra Cell Tofte er einn af helstu framleiðendum papírsmauks sem er framleitt með súlfat-aðferðinni og bleikt. Aðstoðinni er ætlað að gera fyrirtækinu kleift að hefja framleiðslu lífefnaorku til eigin notkunar í stað jarðefnaeldsneytis og leggja þannig af notkun hefðbundinna orkugjafa. Umframraforka verður seld á orku-markaðnum Nord Pool Spot.

Aðstoð í umhverfisverndarskyni

Samkvæmt ríkisaðstoðarreglum EES-samningsins er stjórnvöldum í EES-ríkjunum heimilt að styðja við verkefni á sviði umhverfisverndar ef þannig stendur á, þegar til alls er litið, að ávinningur af slíkum stuðningi vegur þyngra en hugsanleg samkeppnisröskun. Þegar fjárhæð aðstoðar er umfram tiltekin mörk er skylt að tilkynna ESA viðkomandi ráðstafanir og þær eru þá teknar til ítarlegs mats í samræmi við ríkisaðstoðarreglurnar. Samkvæmt leiðbeinandi reglum um aðstoð í umhverfisverndarskyni er heimilt að veita aðstoð til að styrkja rekstur fjarhitunarkerfa. Fjarhitun er kerfi sem sett er upp til að dreifa hita, sem verður til á einum stað, og nýta hann til upphitunar í íbúðarhúsum og atvinnuhúsnæði. Hún er álitin mikilvæg aðferð til að draga úr notkun raforku og olíu til húshitunar. Fjarkæling er hliðstæð fjarhitun og byggist á því að kæling fer fram miðlægt og kælimiðlinum er síðan dreift í byggingar í grennd við kælistöðina. Með fjarkælingu má draga úr þörfinni á raforku til kælingar, til að mynda í loftkælikerfum.

Fjarskipti og gagnaver

Aðstoð við gagnaverið Verne

ESA mælti fyrir um að Verne, fyrirtæki sem starfrækir gagnaver, skyldi endurgreiða 440 milljónir íslenskra króna.

Í júlí árið 2012 lauk ESA rannsókn á samningum sem íslenska ríkið, Reykjanesbæjar og Landsvirkjunar gerðu við Verne. Stofnunin leit svo á að orkusölusamningur Verne við Landsvirkjun og samningur um leigu 9,6 hektara lands þar sem áður var herstöð NATO á Keflavíkurlflugvelli í Reykjanesbæ hefðu miðast við markaðskjör og fælu ekki í sér ríkisaðstoð.

ESA komst einnig að þeirri niðurstöðu að Verne hefði þegið ríkisaðstoð, sem væri ósamrýmanleg gildandi reglum, í tengslum við sölu ríkisins á fimm byggingum undir atvinnurekstur og samning við Reykjanesbæ um undanþágur frá greiðslu fasteigna- og gatnagerðargjalda. Stofnunin mælti því fyrir um að sú aðstoð skyldi endurgreidd. Alls hafa 140 milljónir króna verið endurheimtar vegna vangreiddra fasteigna- og gatnagerðargjalda og 300 milljónir króna vegna bygginganna. Stjórnvöld á Íslandi hafa vísað ákvörðun ESA til EFTA-dómstólsins.

Afnot af ljósleiðara sem var áður á vegum NATO

Í nóvember árið 2012 heimilaði ESA samning sem Íslenska ríkisstjórnin hafði gert við fjarskiptafyrirtækið Og fjarskipti (Vodafone) um leigu á ljósleiðara sem áður var eingöngu notaður í tengslum við landvarnir.

Í apríl árið 2008 efndu Ríkiskaup til útboðs á afnotum og rekstri tveggja af þeim þremur ljósleiðurum sem voru áður í notkun á vegum NATO. Gengið var til samninga við Og fjarskipti í febrúar árið 2010 í samræmi við niðurstöðu útboðsins.

Að fenginni kvörtun um þetta efni tók ESA viðskiptin til athugunar. Stofnunin komst að þeirri niðurstöðu að leigusamningurinn hefði verið gerður í kjölfar almenns útboðs sem auglýst hefði verið með fullnægjandi hætti. Þá væru leigugreiðslur Og fjarskipta samkvæmt samningnum mun hærri en sem næmi kostnaði Íslenska ríkisins af því að gera ljósleiðarann hæfan til almennrar notkunar. Með vísan til þessara atriða var niðurstaða ESA á þá leið að samningurinn hefði ekki haft neina aðstoð í för með sér.

Ívilnun vegna hugverkaréttinda (IP Box) í Liechtenstein

Í desember árið 2012 samþykkti ESA framlengingu á gildistíma reglna sem stjórnvöld í Liechtenstein höfðu sett um skattafslátt vegna tekna sem aflað er á grundvelli hugverkaréttinda.

Eldri gerð reglnanna hafði hlotið samþykki stofnunarinnar árið 2011 sem almenn ráðstöfun sem hefði ekki í för með sér sértækan ávinning fyrir tiltekin fyrirtæki og væri því ekki ríkisaðstoð. Með ráðstöfuninni, sem nú er í gildi, er gildisvið skattafsláttarins rýmkað og falla nú einnig undir hann



tekjur af sölu hugbúnaðar og aðgangs að gagnagrunnum með tæknilegum eða vísindalegum gögnum. Ráðstöfunin hefur þann tilgang að auka enn frekar stuðning við rannsókn- og þróunarstarf.

ESA telur ekki útilokað að sumar atvinnugreinar í Liechtenstein kunni að hafa meiri ávinning af ráðstöfuninni en aðrar. Það liggur hins vegar í eðli skattákvæða, sem ætlað er að ýta undir rannsókn- og þróunarstarf, að þau nýtast aðeins fyrirtækjum sem leggja fjármuni til slíkrar starfsemi. Ekki er um ríkisaðstoð að ræða ef fyrirtækjum er ekki mismunað við skattmeðferð umfram það sem unnt er að réttlæta með vísan til eðlis og almennrar tilhögunar kerfisins.

Stofnunin taldi að skilyrði fyrir því að geta nýtt sér afsláttinn tengdust eingöngu starfsemi viðkomandi fyrirtækja og að með þeim væri ekki gengið lengra en eðlilegt gæti talist með hliðsjón af því markmiði að efla tiltekna rannsókn- og þróunarstarfsemi.

Stuðningur við kvikmyndagerð á Íslandi

Í júlí árið 2012 samþykkti ESA breytingar á Íslenskum reglum um stuðning við kvikmyndagerð.

Íslensku reglurnar öðluðust gildi árið 1999 og er heimilt samkvæmt þeim að endurgreiða hluta kostnaðar (nú 20%) við kvikmyndagerð þegar tókum er lokið. Í desember árið 2011 barst ESA tilkynning stjórnvalda á Íslandi um breytingu á reglunum. Þar eð nokkur vandkvæði þóttu vera á fyrstu tilkynningunni sendu stjórnvöld nýja tilkynningu í júní árið 2012.

Helstu breytingarnar snúa að þeim skilyrðum sem fullnægja verður til þess að unnt sé að fá greiddan stuðning vegna kvikmynda auk þess sem gildistími reglnanna er framlengdur til 31. desember 2016. Til þess að kvikmynd geti notið stuðnings samkvæmt reglunum verður hún að fullnægja tilteknum skilyrðum fyrir því að teljast menningarefni. Skilyrðin, sem stjórnvöld á Íslandi hafa ákveðið að nota, eru í samræmi við það sem tíðkast hefur hjá ESA og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. ESA leit því svo á að hinar breyttu reglur um stuðning við kvikmyndagerð samræmdust ákvæðum leiðbeinandi reglna stofnunarinnar um ríkisaðstoð til gerðar kvikmynda og annarra hljóð- og myndverka og andmælti því ekki að þeim yrði komið í framkvæmd.



Skipalyfta Vestmannaeyja

Í maí árið 2012 komst ESA að þeirri niðurstöðu að engin ríkisaðstoð hefði verið fólgin í 370 milljóna króna (2,2 milljóna evra) fjárfestingu í skipalyftu í Vestmannaeyjahöfn.

Árið 2006 varð alvarleg bilun í skipalyftu sem starfrækt hefur verið í Vestmannaeyjahöfn frá árinu 1982. Bæjarstjórnin ákvað að opinbert fyrirtæki, sem var eigandi lyftunnar að lögum, skyldi bera allan kostnað af viðgerðum.

Að fenginni kvörtun um þetta efni tók ESA málið til athugunar og taldi að við mat á rekstri skipalyftunnar þyrfti einnig að gefa gaum annarri atvinnustarfsemi á vegum opinbera fyrirtækisins sem annast rekstur hafnarinnar. Höfnin er rekin sem opinbert fyrirtæki og mannvirki hafnarinnar gegna mikilvægu hlutverki fyrir ýmiss konar sjósækna atvinnustarfsemi.

Stjórnvöld á Íslandi höfðu gefið þær skýringar að notendur yrðu látnir greiða markaðsverð fyrir aðgang að skipalyftunni og notkun hennar og að gert væri ráð fyrir að tekjur af slíkum gjöldum nægðu fyrir öllum kostnaði við reksturinn auk viðunandi ávöxtunar af fjármunum sem varið hefði verið til viðgerða. Þannig myndu gjöld fyrir notkun skipalyftunnar ekki hafa í för með sér sérstakan ávinning.

Endurheimtumál

Aðstoð við Hurtigruten

Í desember árið 2012 lauk vinnu við að endurheimta endurgjald sem ofgreitt hafði verið fyrirtækinu Hurtigruten.

Hinn 29. júní 2011 tók ESA ákvörðun sem synjaði samþykkið og fór þess á leit að endurgjald, sem ofgreitt hefði verið fyrirtækinu Hurtigruten, yrði endurheimt.

Árið 2008 féllust stjórnvöld í Noregi á að greiða Hurtigruten viðaukaendurgjald sem fólgið yrði í árlegum greiðslum að fjárhæð allt að 90 milljónir norskra króna (12,3 milljónir evra). ESA taldi að viðaukaendurgjaldið takmarkaðist ekki við fjárhæð sem samsvaraði kostnaðinum við rekstur almannaþjónustunnar, heldur stæði það jafnframt undir kostnaði við almennan atvinnurekstur. Þar eð fyrirtækið viðhafði ekki fjárhagslegan aðskilnað milli þessara tveggja tegunda þjónustu gat ESA ekki sagt nákvæmlega til um hversu hátt endurgjald hefði verið ofgreitt.

Meðan á endurheimtu stóð kynntu stjórnvöld í Noregi stofnuninni nýtt kostnaðarskiptingarlíkan. Með aðstoð þess líkans hafa stjórnvöld í Noregi getað gert nákvæma grein fyrir því hversu hátt endurgjald hefur verið ofgreitt og reiknað vexti af aðstoð sem veitt hefur verið í leyfisleysi.

Þegar ESA hóf rannsókn á ráðstöfuninni ákváðu stjórnvöld í Noregi að fresta útgreiðslu verulegs hluta af fyrirhuguðu viðaukaendurgjaldi. Þar eð stofnunin lýsti síðan samrýmanlegan gildandi reglum þann hluta aðstoðarinnar, sem nýttist til að standa undir auknum kostnaði við almannaðjónustuna (h.u.b. 260 milljónir norskra króna), gátu stjórnvöld í Noregi um það leyti sem endurheimtu var að ljúka greitt fyrirtækinu út aukalega 87,6 milljónir norskra króna sem aðstoð samrýmanlega gildandi reglum. Önnur aðstoð að fjárhæð h.u.b. 144 milljónir norskra króna, sem úthlutað hafði verið en fyrirtækið hafði ekki fengið greidda, taldist ósamrýmanleg gildandi reglum og var því ekki unnt að greiða hana út.

Aðstoð við Asker Brygge AS

Í ágúst árið 2012 staðfesti EFTA-dómstóllinn ákvörðun ESA um að endurheimta skyldi frá Asker Brygge AS ríkisaðstoð sem væri ósamrýmanleg gildandi reglum.

Í júlí árið 2011 lauk ESA formlegri rannsókn á sölu sveitarfélagsins Asker á lóð til Asker Brygge. Eignin var seld árið 2007 fyrir 8,7 milljónir norskra króna án þess að efnt væri til almenns útboðs eða aflað mats frá óháðum matsmanni áður en samningaviðræður hófust. Samkvæmt matsgerð óháðs matsmanns, sem unnin var síðar fyrir hönd sveitarfélagsins, var söluverð eignarinnar undir markaðsvirði. Þá var í samningnum veittur greiðslufrestur á 70% kaupverðsins án þess að nokkrir vextir væru reiknaðir af þeirri fjárhæð. Einkafjárfestir hefði ekki talið slíka skilmála viðunandi. Þegar lóð er seld undir markaðsvirði er litið á það sem ríkisaðstoð, og slík aðstoð er í meginatriðum ósamrýmanleg EES-samningnum. ESA mælti því fyrir um að Asker Brygge AS skyldi endurgreiða aðstoð sem fyrirtækið hefði fengið í sinn hlut en teldist ósamrýmanleg gildandi reglum.

Stjórnvöld í Noregi höfðu árið 2011 endurheimt fjármuni sem svöruðu til veittrar aðstoðar, þ.e. munarins á markaðsverði og söluverði lóðarinnar. Aftur á móti hafði endurheimta aðstoðar, sem hlaust af veittum greiðslufresti á 70% söluverðsins, ekki enn komist til framkvæmda í desember árið 2012.



Það helsta frá árinu 2012

Á árinu 2012 fékkst endanleg niðurstaða í Color Line-málinu í samræmi við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA. Dómur EFTA-dómstólsins í máli Posten Norge féll stofnuninni í vil. Niðurstaða þessara tveggja mála varð til þess að stofnunin innheimti sektir að fjárhæð nærri 30 milljóna evra á árinu 2012.

Miklum tíma og fjármunum var varið til rannsókna sem hugsanlega kunna að leiða til nýrra mála. Fyrirvaralaus húsleit fór fram á vegum stofnunarinnar í húsakynnum tveggja norskra fyrirtækja, Nord Pool Spot og Telenor. Fyrri húsleitinn var gerð að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Sú síðari tengdist máli sem ESA hefur til rannsóknar um þessar mundir.

Verksvið málflutningsfulltrúa (en. hearing officer), sem gegnir afar mikilvægu hlutverki sem réttargæslumaður málsaðila við meðferð samkeppnismála, var endurskoðað á árinu 2012 og út voru gefnar nýjar leiðbeinandi reglur um framkvæmd eftirlits með ríkisaðstoð.

Auk þessa gaf ESA út nýjar leiðbeinandi reglur um láréttta samstarfssamninga. Í þeim er skýrt við hvaða aðstæður samstarf af ýmsu tagi milli keppinauta er heimilt samkvæmt samkeppnisrétti. Nýju reglurnar voru gefnar út í framhaldi af útgáfu hliðstæðra reglna á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins árið 2011.

ESA tók þátt í úrlausn fjölda mála í EFTA-ríkjunum þar sem samkeppnisyrkvöld höfðu til athugunar hvort beita skyldi 53. og 54. gr. EES-samningsins, svo og mála sem féllu undir lögsögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og vörðuðu samkeppnisreglur Evrópska efnahagssvæðisins. Stofnunin tók þátt í umræðum um þróun löggjafar

4. Kafli

SAMKEPPNISSVIÐ

og stefnu á sviði samkeppnismála á vettvangi Evrópunets samkeppnisyrkirvalda (en. *European Competition Network*).

Samkeppniseftirlit Noregs var sótt heim á árinu 2012 og haldnir fyrirlestrar um ýmis mikilvæg málefni sem varða samkeppnisrétt Evrópska efnahagssvæðisins.

Horfur á árinu 2013

Á árinu 2013 verður rannsókn ESA á máli sem fyrst var stofnað til árið 2012 í kjölfar húsleitar hjá Telenor í Noregi haldið áfram.

Stofnunin hyggst gefa út nýja tilkynningu um sáttumleit-anir í samráðsmálum. Sú tilkynning verður viðbót við reglur bókuar 4 með samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól, en samkvæmt þeim reglum er stofnuninni heimilt að nota einfaldaða málsmeðferð við úrlausn samráðsmála.

Í víðara samhengi hyggst ESA halda áfram að fylgjast með mörkuðum í EFTA-ríkjunum, í náinni samvinnu við eftirlitsyrkvöld hvers ríkis, til þess að tryggja að fyrirtæki, sem starfandi eru í þeim ríkjum, virði samkeppnisreglur EES-samningsins.

Ný gerð bókuar 4 með samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól

Ný, umskrifuð gerð bókuar 4 með samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól öðlaðist gildi á árinu 2012. Bókun 4 hefur að geyma reglur um störf og valdsvið ESA á sviði samkeppnismála. Breytingarnar taka meðal annars til reglna um sáttumleit-anir í samráðsmálum. Reglur bókuar 4 hafa þó lítið breyst í efnisatriðum. Bókunina má finna á vefsetri EFTA-skrifstofunnar: www.efta.int.



Samkeppnisreglur EES-samningsins

Samkeppnisreglur EES-samningsins eru að efni til nánast hinar sömu og þær sem finna má í sáttmálanum um starfshætti Evrópu-sambandsins. Þessar reglur eru í stuttu máli sem hér segir:

- Bann er lagt við samningum og viðskiptaháttum sem raska samkeppni eða takmarka hana (1. mgr. 53. gr. EES-samningsins) en þó eru undanskildar takmarkanir sem eru nauðsynlegar til að ná fram endurbótum sem gagnast neytendum án þess að komið sé með öllu í veg fyrir samkeppni (3. mgr. 53. gr. EES-samningsins).
- Bann er lagt við misnotkun á markaðsráðandi stöðu (54. gr. EES-samningsins).
- Áskilið er að afla verði samþykkis fyrirfram vegna tiltekinna stórra samruna og annarrar samþjöppunar fyrirtækja (57. gr. EES-samningsins).
- Bann er lagt við ráðstöfunum ríkisvaldsins vegna opinberra fyrirtækja, eða fyrirtækja sem njóta einkaréttar eða sérstakra réttinda, sem fara í bága við ákvæði 53. gr. og/eða 54. gr. EES-samningsins (59. gr. EES-samningsins).

ESA og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins framfylgja samkeppnisreglum EES-samningsins á Evrópska efnahagssvæðinu

í heild. Um verkaskiptingu stofnananna hvað varðar meðferð einstakra mála fer eftir reglum sem fram koma í EES-samningnum.

Þá hefur ESA einnig heimild til að beita sér gegn EFTA-ríkjum sem koma á eða viðhalda ráðstöfunum vegna opinberra fyrirtækja, eða fyrirtækja sem njóta einkaréttar eða sérstakra réttinda, sem fara gegn ákvæðum EES-samningsins, meðal annars banninu við samkeppnishamlandi háttsemi.

ESA hefur sömu rannsóknar- og fullnustuheimildir og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, meðal annars heimild til að leggja sektir á fyrirtæki sem brjóta samkeppnisreglurnar, en slíkar sektir geta numið allt að 10% af heildarveltu fyrirtækis. Í samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól er lýst málsmeðferðarreglum sem ESA ber að fara eftir við beitingu samkeppnisreglna EES-samningsins.

Stofnuninni ber einnig að hafa eftirlit með því hvernig samkeppnisyfirlit í EFTA-ríkjunum beita þessum reglum.

Nánari upplýsingar um EES-löggjöf á sviði samkeppni má finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: www.eftasurv.int/competition/competition-rules-in-the-eea.





Húsleit hjá Telenor

Í desember árið 2012 gerði ESA fyrirvaralausá húsleit í höfuðstöðvum norska fjarskiptafyrirtækisins Telenor ASA og dótturfélags þess Telenor Norge AS.

Húsleitinn tengdist rannsókn á hugsanlegum brotum Telenor á samkeppnisreglum EES-samningsins í tengslum við starfsemi fyrirtækisins á sviði farsímaþjónustu í Noregi.

Upplýsingar, sem aflað var með húsleitinni, verða nú skoðaðar í því skyni að staðreyna hvort nokkrar sannanir séu fyrir brotum á samkeppnisreglum EES.

Húsleit hjá fyrirtækjum

ESA er heimilt að framkvæma húsleit hjá fyrirtækjum og tengdum félögum þegar stofnunin telur það nauðsynlegt vegna þeirra starfa sem henni hefur verið falið að sinna á sviði samkeppni. Húsleitir eiga sér stað á undirbúningsstigi rannsókna á samkeppnismálum og ber ekki að túlka á þann hátt að hlutaðeigandi fyrirtæki sé talið sekt um samkeppnishamlandi háttsemi. Í rannsóknnum á samkeppnismálum er réttur hlutaðeigandi fyrirtækja til að halda uppi vörnum að fullu virtur.





Samkeppnismál fyrir EFTA-dómstólnum

Þegar ESA hefur tekið ákvörðun getur sá, sem hún beinist að, svo og aðrir þeir, sem eiga beinna og sérstakra hagsmuna að gæta, skotið henni til EFTA-dómstólsins.

Ólíkt því sem gildir að flestu öðru leyti í EES-rétti beinast ákvarðanir á sviði samkeppnismála yfirleitt að fyrirtækjum fremur en stjórnvöldum í tilteknu EFTA-ríki.

Frá því að ESA tilkynnir fyrirtæki ákvörðun hafa þau tveggja mánaða frest til að höfða ógildingarmál fyrir EFTA-dómstólnum.

Þegar dómstólnum hefur borist krafa um ógildingu ákvörðunar gefur hann ESA færi á að leggja fram greinargerð sem varnaraðili. Í annari umferð skriflegar meðferðar leggur sóknaraðili fram svar við greinargerð varnaraðila og í kjölfar þess getur ESA lagt fram gagnsvar.

EES-ríkin hvert um sig og framkvæmdastjórn Evrópasambandsins geta einnig sent EFTA-dómstólnum skriflegar athugasemdir og á það jafnframt við um þriðju aðila sem dómstóllinn heimilar meðalgöngu.

Á grundvelli þessara skriflegu greinargerða, semur EFTA-dómstóllinn frumskýrslu til undirbúnings munnlegum málflutningi. Tilgangur munnlegs málflutnings er að gefa dómurum kost á að spyrja spurninga og veita málsaðilum færi á að bæta við það sem fram er komið í skriflegum greinargerðum þeirra og fjalla um eða hrekja röksemdir sem ekki er svarað þar.

EFTA-dómstóllinn kveður að lokum upp dóm í málinu á grundvelli þeirra skriflegu og munnlegu greinargerða sem lagðar hafa verið fyrir dóminn. Það er ekki mögulegt að áfrýja dómum EFTA-dómstólsins.

Ákvörðun í máli Posten Norge staðfest

Í apríl árið 2012 staðfesti EFTA-dómstóllinn þá ákvörðun ESA að Posten Norge AS hefði misnotað markaðsráðandi stöðu á sviði dreifingar á bögglaþósti.

Posten Norge áfrýjaði málinu til EFTA-dómstólsins í september árið 2010 og var krafa fyrirtækisins að dómstóllinn ógilti 12,89 milljóna evra sektarákvörðun ESA sem var tilkomin vegna brota á samkeppnisreglum EES-samningsins. Í máli Posten Norge (mál E-15/10 *Posten Norge AS gegn Eftirlitsstofnun EFTA*) var í fyrsta skipti ákvörðun ESA um að leggja sekt á fyrirtæki áfrýjað til EFTA-dómstólsins.

EFTA-dómstóllinn staðfesti ákvörðun stofnunarinnar frá 14. júlí 2010. Niðurstaða stofnunarinnar í þeirri ákvörðun var að Posten Norge hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína þegar stofnað var til afgreiðsluleiðar með nafninu *Post i Butikk* (póstur í verslun) með því að hafa í samningum um þá starfsemi ákvæði sem ætlað hefði verið að koma í veg fyrir að keppinautar kæmu sér upp bögglaafgreiðslustöðum í sumum af stærstu stórmarkaða-, söluturna- og bensínstöðvakeðjum í Noregi.

EFTA-dómstóllinn staðfesti mat ESA á háttsemi Posten Norge og taldi að til þess að ný fyrirtæki á markaði gætu veitt raunhæfa samkeppni væri þeim nauðsynlegt að koma upp afgreiðslustöðum um allt landið. Miklu skipti í því tilliti að þau gætu efnt til samstarfs við eina eða fleiri af helstu matvöru-, söluturna- eða bensínstöðvakeðjunum. Ef lokað væri aðgangi að verulegum hluta slíkra sölustaða (hér um bil 50%), bæði með beinum hætti, þ.e. með skuldbindingunni um að veita einkarétt, og óbeinum, þ.e. með hvötum fyrir samstarfsfyrirtæki Posten Norge, væri það til þess fallið að hamla samkeppni þegar þannig stæði á að öðrum keðjum væri varla til að dreifa. Við þessar aðstæður teldist háttsemi Posten Norge því fela í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

EFTA-dómstóllinn lækkaði þó sektina, sem lögð hafði verið á Posten Norge, úr 12,89 milljónum evra í 11,112 milljónir evra með vísan til þess að of mikill dráttur hefði orðið á málsmeðferð Eftirlitsstofnunar EFTA.

Í dómi EFTA-dómstólsins kom einnig fram að sú grundvallarregla hlyti að gilda um málsmeðferðina, sem leitt hefði til hárrar sektar, að virða bæri þær tryggingar að því er varðar meðferð sakamála sem lögfestar væru í 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Nánar tiltekið væri það fólgið í réttinum til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi að EFTA-dómstólnum væri heimilt að hnekkja hinni áfrýjuðu ákvörðun í öllum atriðum, bæði að því er varðaði málsástæður og lagarök. Endurskoðun EFTA-dómstólsins á hinum flóknu



efnahagslegu matsákvörðunum ESA væri ekki takmörkuð við athugun á því hvort þær ákvarðanir væru bersýnilega rangar.

Color Line málið

Norska ferjuútgerðin Color Line greiddi sekt sem lögð hafði verið á fyrirtækið vegna brots á samkeppnisreglum EES-samningsins.

ESA lauk málsmeðferð gagnvart Color Line í árslok 2011 með ákvörðun þess efnis að Color Line hefði brotið samkeppnisreglur EES-samningsins og fyrirtækinu skyldi gert að greiða sekt að fjárhæð 18,8 milljónir evra.

Málið, sem stofnunin hafði til meðferðar, snerist um samning sem gerður var árið 1991 við hafnaryfirvöld í Strömstad í Svíþjóð. Með þeim samningi tryggði Color Line sér einkarétt til langs tíma á nýtingu hafnaraðstöðu í Strömstadhöfn. Þar eð lítið var um aðrar hafnir í þessum hluta landsins var með samningnum komið í veg fyrir að keppinautar Color Line gætu veitt fyrirtækinu samkeppni með siglingum á öðrum leiðum.

Endanleg niðurstaða, í samræmi við ákvörðun ESA, fékkst á árinu 2012 þegar Color Line féll frá því að áfrýja málinu til EFTA-dómstólsins og greiddi sektina.

Eftir að ákvörðun stofnunarinnar var tekin hafa mál skipast með ýmsum hætti í höfnunum sem um ræðir. ESA fylgist með þeirri þróun með það fyrir augum að tryggja að samkeppnisreglur EES-samningsins séu virtar. Undir lok ársins var greint frá því að keppinautar Color Line hygðust fara fram á skaðabætur vegna taps sem þeir töldu brot Color Line á samkeppnisreglum hafa valdið sér.

Aukið gagnsæi í meðferð samkeppnismála

ESA hefur samþykkt tvennar verklagsreglur sem ætlað er að gera meðferð samkeppnismála gagnsærri, sanngjarnari og fyrirsjáanlegri.

Verklagsreglurnar voru samþykktar í desember árið 2012 og er markmið þeirra að efla samskipti aðila að málum, sem tekin eru til meðferðar samkvæmt 53. og 54. gr. EES-samningsins, og skjóta styrkari stöðum undir þær aðferðir sem komið hefur verið upp til að verja réttindi málsaðila.

Reglurnar hafa að geyma hagnýtar leiðbeiningar um það hvernig meðferð mála er háttað hjá stofnuninni. Þær gefa málsaðilum skýra mynd af því við hverju er að búast á hverju stigi rannsóknar samkeppnismála og greiða fyrir samskiptum þeirra við stofnunina.

Endurskoðun á verksviði málflutningsfulltrúa

Með endurskoðun á verksviði málflutningsfulltrúa hefur hlutverk hans verið eflt og gert víðtækara. Málflutningsfulltrúi starfar óháður samkeppnis- og ríkisaðstoðarsviði og gegnir afar mikilvægu hlutverki sem réttargæslumaður málsaðila við meðferð samkeppnismála.

Ef ágreiningur er með málsaðilum að því er varðar réttindi við málsmeðferðina geta þeir borið hann undir málflutningsfulltrúa sem fær þá víðtækara hlutverk í málsmeðferðinni allri.

Verksviðið tekur meðal annars eftirtöldum mikilvægum breytingum:

- Hlutverk málflutningsfulltrúa við undirbúning munnlegs málflutnings og við málflutninginn sjálfan er eftt.
- Í skýrslum verður látið koma fram á hvaða hátt málsaðilar hafa getað nýtt réttindi sín í málsmeðferðinni allri, og þá einnig við rannsókn málsins.
- Með hinum nýju reglum er málsaðilum gagngert heimilað að bera tiltekin atriði undir málflutningsfulltrúa í tengslum við málsmeðferð sem miðast við að fyrirtæki taki á sig skuldbindingar.

Við hlutverk málflutningsfulltrúa bætast einnig ýmis ný störf á rannsóknarstigi, einkum eftirtalin:

- Að leysa úr álitaefnum sem lúta að trúnaði um samskipti fyrirtækja og utanaðkomandi lögmannna (þagnarskylda lögmannna).
- Að grípa inn í þegar fyrirtæki telur að það hafi ekki fengið upplýsingar um stöðu sína í málsmeðferðinni.
- Málsaðilum verður gert kleift að vísa ágreiningi til málflutningsfulltrúans ef þeir telja sér ekki skylt að svara spurningum sökum þess að þeir gætu þá neyðst til að játa á sig brot.
- Að hafa afskipti af ágreiningi um framlengingu á fresti til að svara upplýsingabeiðni.

Tilkynning um bestu framkvæmd við meðferð samkeppnismála

Tilkynningin hefur að geyma leiðbeiningar um bestu framkvæmd sem er ætlað að tryggja að málsaðilar hafi betri upplýsingar um stöðu mála á hverju stigi málsmeðferðar sem efnt er til samkvæmt 53. og 54. gr. EES-samningsins.

Í henni er einnig kveðið á um aukin samskipti ESA og hlutaðeigandi aðila frá fyrstu stigum málsmeðferðar. Undir bestu framkvæmd fellur meðal annars eftirtalið:

- Að formleg málsmeðferð hefjist enn fyrr en áður í flestum málum.
- Að haldnir séu fundir til að skýra stöðu mála þegar mikilvægum áföngum er náð í málsmeðferðinni.
- Að greint sé frá helstu gögnum sem lögð eru fram á rannsóknarstigi.
- Að tilkynnt sé opinberlega þegar málsmeðferð hefst og henni lýkur og þegar andmælaskjal er sent.
- Að málsaðilar, sem andmælaskjal varðar, fái upplýsingar um helstu atriði sem ráða því hvort sekt verður lögð á.
- Að leiðbeint sé um málsmeðferð sem miðast við að fyrirtæki taki á sig skuldbindingar.
- Að unnið sé að bættum aðgangi að „helstu gögnum“ sem berast frá kvartanda eða þriðju aðilum áður en andmælaskjal er sent.

Láréttir samstarfssamningar

Í maí árið 2012 gaf ESA út nýjar leiðbeinandi reglur til þess að gera grein fyrir því hvers kyns samvinnu keppinautum er heimilt að hafa með sér samkvæmt samkeppnisreglum EES-samningsins.

Samvinna keppinauta getur verið til skaða fyrir neytendur og hamlað gegn samkeppni. Á hinn bóginn getur hún einnig valdið samvirkniáhrifum sem leiða til verðlækkunar, aukins úrvals og betri vöru og verið þannig í þágu neytenda.





Með nýju reglunum verður auðveldara að koma í veg fyrir samvinnu sem leiðir til verðhækkunar, minna úrvals eða minni nýsköpunar, og greiða fyrir samvinnu sem stuðlar að endurbótum og efnahagsframförum.

Samstarf við yfirvöld í aðildarríkjunum

Árið 2012 bárust ESA upplýsingar um fjórar nýjar rannsóknir á vegum samkeppnisyrvalda í EFTA-ríkjunum og ein drög að ákvörðun voru tekin til skoðunar.

Samkeppnisyrvöld og dómstólar einstakra ríkja beita 53. og 54. gr. EES-samningsins jafnhliða samsvarandi samkeppnisreglum landslaga. Til þess að tryggja megi að þessum ákvæðum sé beitt á samræmdan og árangursríkan hátt er starfsemi ESA á sviði samkeppni samhæfð starfsemi samkeppnisyrvalda í einstökum ríkjum. Þetta á sér stað í svonefndu EFTA-neti samkeppnisyrvalda. Enda þótt engin samkeppnisstofnun sé starfandi í Liechtenstein sem hefur það hlutverk að framfylgja samkeppnisreglum EES-samningsins taka stjórnvöld þar engu að síður þátt í starfsemi EFTA-netsins jafnframt íslenskum og norskum samkeppnisyrvöldum.

Aðilar netsins greina hver öðrum frá rannsóknum sem þeir efna til samkvæmt 53. og 54. gr. EES-samningsins. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum tilkynntu ESA fjórar slíkar rannsóknir árið 2012.

Áður en samkeppnisyrvöld í EFTA-ríkjunum taka ákvarðanir sem byggjast á 53. gr. og/eða 54. gr. EES-samningsins verða þau að senda ESA drög að ákvörðuninni. Endanlega ákvörðun má aðeins taka þegar stofnunin hefur haft ráðrúm til að leggja fram athugasemdir, en

þetta er gert til þess að tryggja að 53. og 54. gr. EES-samningsins sé beitt á samræmdan hátt um allt Evrópska efnahagssvæðið.

ESA tók til skoðunar drög að einni ákvörðun sem hlutaðeigandi samkeppnisyrvöld hugðust taka á grundvelli samkeppnisreglna EES-samningsins. Í þeirri ákvörðun var það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins á Íslandi að verðlagning fyrrverandi ríkisyfirtækis, fjarskiptafyfirtækisins Símans, á farsímamarkaði á Íslandi hefði falið í sér misnotkun á þann hátt að hún hefði valdið verðþrýstingi á markaðnum. Að höfðu samráði við ESA tók Samkeppniseftirlitið ákvörðun sem byggðist á þeirri niðurstöðu að Síminn hefði brotið ákvæði 54. gr. EES-samningsins auk samsvarandi ákvæðis íslenskra samkeppnislaga og lagði á sektir að fjárhæð 440 milljónir króna.

Í öðru máli bar það ráðuneyti í Noregi, sem hefur samkeppnismál með höndum, undir ESA hvort samstarf tveggja fyrirtækja um rekstur áætunarferða með hóp-bifreiðum milli Björgvinjar og Stafangurs (Kystbussen), gæti haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna í þeim mæli að nauðsynlegt væri að beita samkeppnisreglum EES-samningsins. Að höfðu samráði við stofnunina ákvað norska ráðuneytið, með vísan til fyrirbyggjandi upplýsinga um málið, að samkeppnisreglur samningsins ættu ekki við. Í endanlegri ákvörðun sinni sneri ráðuneytið við þeirri ákvörðun Samkeppniseftirlits Noregs að samstarfið fæli í sér brot á ákvæðum norskra samkeppnislaga.

Dómstólar í EFTA-ríkjunum geta leitað aðstoðar ESA að því er varðar beitingu samkeppnisreglna EES-samningsins telji þeir það nauðsynlegt til þess að komast að ákvörðun í tilteknu máli. Enginn dómstóll í EFTA-ríkjunum nýtti sér þetta á árinu 2012.

Samstarf við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins

ESA hafði áfram náið samstarf við aðalskrifstofu samkeppnismála hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um framfylgd samkeppnisreglna EES-samningsins.

Samkvæmt reglum, sem gilda um samstarf framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og ESA samkvæmt EES-samningnum, er stofnuninni og samkeppnisyrivöldum í EFTA-ríkjunum heimilt að taka þátt í umræðum um samkeppnisstefnu á vettvangi Evrópusambandsins, nánar tiltekið fyrir tilstuðlan Evrópunets samkeppnisyrivalda (ECN). Einnig er gert ráð fyrir að framkvæmdastjórnin og ESA geti haft með sér samstarf um einstök mál þegar önnur hvor stofnunin beitir samkeppnisreglum EES-samningsins.

Framkvæmdastjórnin beitir samkeppnisreglum EES-samningsins í allmörgum tilvikum samhliða samkeppnisreglum Evrópusambandsins. Mál, sem framkvæmdastjórnin fær til umfjöllunar, geta haft veruleg áhrif á markaði og markaðsaðila í EFTA-ríkjunum. Með reglum EES-samningsins um samstarf í samkeppnismálum er tryggt að ESA og stjórnvöld í EFTA-ríkjunum geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri í málum sem varða yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna.

Samrunamál sem fjallað var um árið 2012

Samruni fyrirtækja er rannsakaður sem sameiginlegt mál Evrópuríkja ef ársvelta fyrirtækjanna, sem eiga í hlut, er umfram tiltekin mörk þegar litið er til sölulalna um heim allan og í Evrópu. Reglum um lögsögu er þannig háttað að mat á fyrirtækjasamruna samkvæmt EES-samningnum er í reynd í höndum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Aðild ESA að samrunamálum byggist á samstarfsreglum EES-samningsins.

Eitt þeirra samrunamála, sem stofnunin átti aðild að á árinu 2012, snerist um kaup Johnson & Johnson á fyrirtækinu Synthes, sem framleiðir lækningataeki. Að lokinni viðamikilli rannsókn á viðskiptunum samþykkti framkvæmdastjórnin kaupin að fengnu samhliða álitni ESA, eftir að Johnson & Johnson hafði fallist á að selja frá sér alla framleiðslu sína í EES-ríkjunum á vörum til lækninga.


Samstarfsmál sem fjallað var um árið 2012

Á grundvelli samstarfsreglna EES-samningsins tekur ESA einnig þátt í úrlausn mála þegar framkvæmdastjórnin beitir 53. gr. og 54. gr. EES-samningsins.

Oft er gripið til óvæntrar húsleitar sem undirbúningsaðgerðar í tengslum við rannsókn á háttsemi sem grunur leikur á að sé samkeppnishamlandi. Að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins gerði ESA í febrúar árið 2012 fyrirvaralausla húsleit í Noregi í tengslum við rannsókn á uppboðsmörkuðum fyrir raforku í Evrópu. Slíkir uppboðsmarkaðir veita þjónustu sem greiðir fyrir viðskiptum með raforku á heildsölustigi. Framkvæmdastjórnin taldi ástæðu til að ætla að fyrirtækin, sem áttu í hlut, hefðu brotið samkeppnisreglur EES-samningsins og sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Í árslok var rannsókn framkvæmdastjórnarinnar á málinu enn ólokið.

ESA tók þátt í úrlausn þriggja mála sem framkvæmdastjórnin hafði til meðferðar og þannig háttaði til um að skuldbindingar, sem fyrirtæki höfðu boðist til að taka á sig til þess að samkeppni yrði ekki lengur talið ógnað, voru gerðar bindandi. Fyrsta málið snerist um samninga Apple og fjögurra alþjóðlegra útgáfufyrirtækja um endursölu rafbóka. Í öðru málinu bauðst Rio Tinto til að taka á sig skuldbindingar til þess að leysa úr álitaefnum að því er varðaði samkeppni á mörkuðum fyrir búnað til álbræðslu. Þriðja málið snerist um sölu nytjaleyfa fyrir auðkenni (en. *instrument codes*) sem notuð eru í upplýsingakerfi Thomson Reuters og fjármálafyrirtæki nota til að nálgast rauntímagögn úr kerfinu.





5. Kafli

LAGASKRIFSTOFA

Inngangur

Árið 2012 komu alls 15 ný mál til meðferðar hjá EFTA-dómstólnum. Þessi mál, sem talin eru upp hér á eftir, sýna hversu fjölbreytt álitaefni geta vaknað í EES-rétti og hversu miklu máli þau geta skipt einstaklinga og fyrirtæki hvarvetna á Evrópska Efnahagssvæðinu.

Að venju tók Eftirlitsstofnun EFTA þátt í öllum málum fyrir EFTA-dómstólnum. Hún var þar ýmist í hlutverki málsaðila eða lagði fram með skipulegum hætti skriflegar og munnlegar athugasemdir í málum sem landsdómstólar á Íslandi, í Liechtenstein og í Noregi höfðu vísað til dómstólsins til að afla skýringar á tilteknum atriðum EES-réttar.

Þó að nokkru færri málum hafi verið vísað til dómstólsins árið 2012 en næstu tvö ár á undan (alls 15 málum, en til samanburðar voru þau 19 árið 2011 og 18 árið 2010) voru sum ný mál, sem Eftirlitsstofnun EFTA höfðu eða höfðu voru gegn henni, þess eðlis að þau reyndust tíma- og mannaflafrek. Taka varð saman greinargerðir vegna ýmiss konar málsmeðferðaratriða, svo sem umsókna um rétt til meðalgöngu og óska um framlagningu tiltekinna málskjala og greinargerða af hálfu stofnunarinnar.

Árið 2012 var því fagnað að sextíu ár voru liðin frá því að Dómstóll Evrópusambandsins var settur á fót. Dómstóllinn, sem kvað upp fyrsta dóminn árið 1954, hefur síðan lagt grundvöll að ESB-rétti með vel sömdum dómum einkum á sviði innri markaðar. Á árinu 2012 felldi dómstóllinn sjö dóma sem vörðuðu sérstaklega túlkun og beitingu EES-samningsins.

Ný mál fyrir EFTA-dómstólnum 2012

Mál E-15/12, Jan Anfinn Wahl gegn íslenska ríkinu

Koma ákvæði EES-réttar í veg fyrir að íslensk stjórnvöld geti synjað ríkisborgara EES-ríkis um landgöngu á þeim forsendum að hann sé skráður félagi í vélhjólasamtökunum Hells Angels Motorcycle Club?

Mál E-14/12, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Liechtenstein

Stjórnvöld í Liechtenstein hafi látið hjá líða að breyta þeim ákvæðum landslaga sem valda því að erlendar og innlendar starfsmannaleigur njóta ekki sömu meðferðar.

Mál E-13/12, Eftirlitsstofnun EFTA gegn íslenska ríkinu

Stjórnvöld á Íslandi hafi látið hjá líða að lögfesta tilskipun 90/167/EBE um skilyrði sem hafa áhrif á blöndun, markaðssetningu og notkun lyfjablandaðs fódurs.

Mál E-12/12, Eftirlitsstofnun EFTA gegn íslenska ríkinu

Stjórnvöld á Íslandi hafi látið hjá líða að lögfesta tilskipun 2008/48/EB um lánasamninga fyrir neytendur.

Mál E-11/12, Beatrix Koch, Dipl. Kfm. Lothar Hummel og Stefan Müller gegn Swiss Life (Liechtenstein) AG

Óskað er túlkunar á tilteknum hugtökum og þeirri skyldu að láta tryggingatökum í té upplýsingar í samræmi við tilskipun 2002/83/EB um líftryggingar.

Mál E-10/12, Yngvi Harðarson gegn Askar Capital hf.

Óskað er skýringar á því með hvaða hætti vinnuveitanda sé skylt að skýra launþega frá breytingum á ráðningarsamningi samkvæmt ákvæðum tilskipunar 91/533/EBE.

Mál E-9/12, Íslenska ríkið gegn Eftirlitsstofnun EFTA

Áfrýjað er þeirri ákvörðun stofnunarinnar að stjórnvöldum á Íslandi beri að endurheimta ólögsmæta ríkisaðstoð sem Verne Real Estate ehf. teljist hafa notið vegna þess að tilteknar lóðir hafi verið seldar undir markaðsvirði.



Mikil athygli beindist að munnlegum málflytningi í Ice-save-málinu fyrir EFTA-dómstólnum. Fjallað er um dóm EFTA-dómstólsins í því máli síðar í þessum kafla, sjá blaðsíða 51. EFTA-dómstóllinn felldi 15 aðra dóma á árinu 2012, þar af sjö í málum sem Eftirlitsstofnun EFTA höfðaði eða höfðuð voru gegn henni. EFTA-dómstóllinn staðfesti ákvarðanir stofnunarinnar í fjórum norskum málum sem vörðuðu lóðarsölu, eignarhald á kauphöllum, misnotkun á markaðsráðandi stöðu og ólögmæta aðstoð við strand-siglingafyrirtækið Hurtigruten (sjá blaðsíða 50) Þá var staðfest ákvörðun um ríkisaðstoð í tengslum við skattameðferð fjárfestingafélaga samkvæmt reglum í Liechtenstein.

EFTA-dómstóllinn felldi aftur á móti úr gildi ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að heimila ráðstöfun sem fól í sér aðstoð við Nasjonal Digital Læringsarena (NDLA), stofnun sem starfrækt er á vegum sveitarfélaga og annast dreifingu á stafrænu námsefni. Þá felldi Dómstóllinn úr gildi ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að synja um aðgang að gögnum sem aflað hafði verið við húslleit í tengslum við samkeppnismál gegn Posten Norge (sjá blaðsíða 52)

Mál E-8/12, DB Schenker gegn Eftirlitsstofnun EFTA

Áfrýjun sem beinist að meintri synjun, er fram komi í þremur bréfum stofnunarinnar, um aðgang að gögnum í rannsókn á samkeppnismáli og öðrum gögnum. Sbr. einnig mál E-7/12.

Mál E-7/12, DB Schenker gegn Eftirlitsstofnun EFTA

ESA hafi látið hjá líða að sinna umsókn um aðgang að gögnum í rannsókn á samkeppnismáli; bótakrafa vegna tiltekins lögfræðikostnaðar. Sbr. einnig mál E-8/12.

Mál E-6/12, Eftirlitsstofnun EFTA gegn norska ríkinu

Stjórnvöld í Noregi hafi látið hjá líða að binda enda á tilhögun sem felur í sér að einstæðir foreldrar búsettir utanlands fá ekki greiddar barnabætur.

Sameinuð mál E-4/12 og E-5/12, Risdal Touring AS, Konkurrenten.no AS gegn Eftirlitsstofnun EFTA

Áfrýjun sem beinist að meintri synjun, er fram komi í tölvubréfi og bréfi stofnunarinnar, um aðgang að gögnum í rannsókn á ríkisaðstoðarmáli.

Mál E-3/12, Staten v/Arbeidsdepartementet gegn Stig Arne Johnsson

Er réttur til atvinnuleysisbóta frá ríkinu háður því að umsækjandi sé búsettur í Noregi eða dvelji þar í reynd?

Mál E-2/12, HOB-vín ehf. gegn Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR)

Hindra ákvæði EES-réttar að ríkisfyrirtæki, sem hefur einkarétt til smásölu áfengis, geti hafnað því að taka til sölu drykki vegna „myndskreytinga með kynferðislega skírskotun“ á umbúðum svo og aðra áfengi drykki sem eru ekki merktir sem slíkir?

Mál E-1/12, Den Norske Forleggerforening gegn Eftirlitsstofnun EFTA

Áfrýjað er þeirri ákvörðun stofnunarinnar að það hafi ekki jafngilt ríkisaðstoð að afhenda Nasjonal Digital Læringsarena í Noregi tiltekna lausa- og fastafjármuni.

Mál E-14/10, MÁLSKOSTNAÐUR – Konkurrenten.no AS gegn Eftirlitsstofnun EFTA

Ákvörðun EFTA-dómstólsins á málskostnaði í kjölfar dóms í máli E-14/10 Konkurrenten.no gegn Eftirlitsstofnun EFTA.



Málsmeðferð í nefnd

Að tillögu Eftirlitsstofnunar EFTA tók fastanefnd EFTA-ríkjanna ákvörðun um nýja tilhögun ráðgjafar- og rannsóknarmeðferðar í tengslum við ákvarðanir sem teknar eru með svonefndri „málsmeðferð í nefnd“.

Hugtakið málsmeðferð í nefnd vísar til þeirrar aðferðar við að breyta eða uppfæra löggjöf Evrópska efnahagssvæðisins sem byggist á starfi ýmissa „málsmeðferðarnefnda“ (en. *comitology committees*). EFTA-ríkin eiga fulltrúa í nefndunum en Eftirlitsstofnun EFTA veitir þeim formennsku. Málsmeðferð í nefnd er notuð í tengslum við það eftirlit sem stjórnvöld í EFTA-ríkjunum hafa með meðferð Eftirlitsstofnunar EFTA á framkvæmdavaldi sínu.

Samkvæmt ákvörðun fastanefndarinnar 3/2012/SC frá 26. október 2012 var málsmeðferðin færð til nútímalegri vegar og samræmd því sem kveðið er á um að því er varðar framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011. Með þeirri reglugerð var fjórum tegundum málsmeðferðar, sem notaðar höfðu verið fram til þess tíma (meðferð í ráðgjafarnefnd, meðferð í stjórnarnefnd, málsmeðferð í stjórnslunefnd og meðferð í stjórnslunefnd með grannskoðun þings), fækkað í aðeins tvær: ráðgjafarmeðferð og rannsóknarmeðferð.

Eftirlitsstofnun EFTA lagði til að fastanefndin felldi einnig úr gildi eldri ákvarðanir um starfsumboð nefnda og að í stað þeirra kæmi ein ný ákvörðun um skipan einnar nefndar fyrir hvern viðauka með EES-samningnum. Þetta var nauðsynlegt sökum þess að margar nefndir höfðu verið stofnaðar eða skipaðar sem þjónuðu ekki lengur neinum tilgangi. Í samræmi við það samþykkti fastanefndin tillögu stofnunarinnar um nefndaskipan með ákvörðun 4/2012/SC frá 26. október 2012.

Eftirlitsstofnun EFTA hyggst leggja fyrir nefndirnar tillögu um nýjar, staðlaðar málsmeðferðarreglur þegar þær koma fyrst saman.



Dómur í Hurtigruten-málinu

EFTA-dómstóllinn staðfesti ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA þess efnis að Hurtigruten hefði notið ólögðs ríkisaðstoðar.

Hurtigruten er fyrirtæki sem annast farþegasiglingar í atvinnuskyni með Noregsströndum frá Björgvin í suðri til Kirkenes í norðri og rekur jafnframt niðurgreiddar ferjusiglingar á sömu leið og með sömu skipum. Fyrirtækið átti við rekstrarörðugleika að glíma og því var útboðssamningur um rekstur niðurgreiddu ferjusiglinganna frá árinu 2004 tekinn upp árið 2008 og samið um hækkun á endurgjaldi ríkisins. Eftirlitsstofnun EFTA rannsakaði hvort viðbótargreiðslurnar nýttust að hluta til þess að niðurgreiða almennan atvinnurekstur Hurtigruten. ESA komst síðan að þeirri niðurstöðu í júní árið 2011 að um ólögð mæta ríkisaðstoð væri að ræða og var stjórnvöldum í Noregi gert að endurheimta frá fyrirtækinu þær fjárhæðir sem nýst hefðu sem niðurgreiðslur.

Bæði Hurtigruten og norska ríkið höfðuðu mál til ógildingar ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA með vísan til ýmissa forsendna, meðal annars þeirra að engin aðstoð hefði verið veitt, og yrði engu að síður talið að svo hefði verið hefði slík aðstoð átt rétt á sér.

Dómur í Icesave-málinu

Stjórnvöldum á Íslandi var ekki skylt að tryggja greiðslu lágmarkstryggingar til eigenda innstæðna á íslenskum netreikningum Icesave.

Við kollsteypu íslenska bankakerfisins árið 2008 greip íslenska ríkisstjórnin til ráðstafana til verndar innstæðueigendum í landinu og til þess að tryggja eðlilega bankastarfsemi þrátt fyrir fjármálakreppuna. Meðal annars voru innlendar innstæður í Landsbanka Íslands hf. („Landsbankanum“) fluttar í nýjan banka. Innstæður í netbanka-útibúum Landsbankans í Hollandi og Bretlandi, sem gengu undir nafninu Icesave, voru hins vegar ekki fluttar og lokaðist því aðgangur að þeim.

Samkvæmt reglum EES-samningsins hefði Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta af þessum sökum borið að greiða hverjum innstæðueiganda út lágmarkstryggingu að fjárhæð 20.000 evra. Ákvæði tilskipunar um innstæðu-tryggingar, sem að þessu líta, hafa verið hluti af íslenski löggjöf frá árinu 1999. Þrátt fyrir þetta fengu eigendur innstæðna á Icesave-reikningum engar greiðslur og stjórnvöld í Hollandi og Bretlandi ákváðu að hlaupa í skarðið og inna tryggingargreiðslurnar af hendi sjálf.

Í desember árið 2011 stefndi Eftirlitsstofnun EFTA íslenskum stjórnvöldum fyrir EFTA-dómstóllinn og krafðist þess úrskurðar að stjórnvöld á Íslandi hefðu vanrækt að sinna skyldum sínum samkvæmt tilskipuninni. Stofnunin hélt því

fram að ólík meðferð stjórnvalda á Íslandi á erlendum og innlendum innstæðueigendum fæli í sér mismunun. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gerðist meðalgönguaðili að málinu til stuðnings kröfum stofnunarinnar.

Með dómi sínum hafnaði dómstóllinn kröfum Eftirlitsstofnunar EFTA. Hann taldi að sú útgáfa tilskipunarinnar, sem við ætti í málinu, legði ekki þá skyldu á íslenska ríkið að tryggja eigendum innstæðna í útibúum Landsbankans í Hollandi og Bretlandi greiðslur þegar innstæðu-tryggingarsjóður landsins gæti ekki innt slíkar greiðslur af hendi sjálfur.

Þá taldi dómstóllinn að stjórnvöld á Íslandi hefðu ekki brotið meginregluna um bann við mismunun vegna þess að staða innlendra innstæðueigenda og eigenda innstæðna á Icesave reikningum hefði ekki verið sambærileg. Munurinn á stöðu þeirra var að álit EFTA-dómstólsins sá að viðskipti innlendu innstæðueigendanna höfðu verið flutt til nýs banka og aðgangur þeirra að innstæðunum rofnaði aldrei. Þeir þurftu því aldrei á greiðslum úr Tryggingarsjóði innstæðueigenda að halda.

Loks taldi dómstóllinn að flutningur innlendra innstæðna til nýs banka væri ekki atriði sem dómnum bæri í grundvallaratriðum að meta og að jafnvel þótt talið hefði verið að sú ráðstöfun mismunaði innstæðueigendum kynni hún að hafa verið réttmæt við þær aðstæður sem sköpuðust í fjármálahruginu með vísan til þess að bjarga þurfti íslenska bankakerfinu.





Dómur um aðgang að gögnum

EFTA-dómstóllinn lýsti ógilda þá ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA að synja um aðgang að gögnum sem ESA hafði aflað í tengslum við rannsókn á samkeppnismáli.

Flutnings- og vörustjórnunarfyrtækið DB Schenker fór fram á það við ESA að fá aðgang að öllum gögnum sem tengdust rannsókn á misnotkun Posten Norge á markaðsráðandi stöðu. DB Schenker hélt því fram að fyrtækið þyrfti á gögnunum að halda til stuðnings skaðabótamáli sem rekið væri gegn Posten Norge fyrir norskum dómstólum.

Eftirlitsstofnun EFTA heimilaði aðgang að flestum þessara gagna í samræmi við reglur sínar um almennan aðgang að gögnum, en neitaði að afhenda gögn sem hún hafði haldlagð við húslleit hjá Posten Norge árið 2004. Forsendur þeirrar neitunar voru að almennur aðgangur að gögnunum myndi grafa undan friðhelgi einkalífs einstaklinga sem tengdust háttsemi Posten Norge og að þau hefðu að geyma viðskiptaupplýsingar sem leynt ættu að fara.

Í dómi sínum, sem felldur var 21. desember 2012, komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að Eftirlitsstofnun EFTA hefði með röngu synjað um aðgang að húslleitargögnunum og að hún gæti ekki byggt slíka synjun á neinni þeirra undantekninga sem mælt er fyrir um að gera megi frá afhendingu gagna. Þá taldi dómstóllinn að Eftirlitsstofnun EFTA hefði látið undir höfuð leggjast að meta hvort réttmætt væri að afhenda gögnin með vísan til þeirra brýnu almannahagsmuna að einkaaðilar gætu sjálfir knúið á um að farið væri að samkeppnislögum og að gagnsæi ríkti í störfum opinberra stofnana.

Aðkoma að málum hjá dómstólum Evrópusambandsins

Í réttarkerfi Evrópusambandsins hefur Dómstóll Evrópusambandsins það hlutverk að standa vörð um ákvæði EES-samningsins og Eftirlitsstofnun EFTA tók af þeim sökum þátt í úrlausn valinna mála sem rekin voru fyrir dómstólum sambandsins og hafa sérstaka þýðingu fyrir EES-rétt og þróun hans í framtíðinni.

ESA lagði fram skriflegt álit í fimm málum sem vísað var til Dómstóls Evrópusambandsins til forúrskurðar. Þar var meðal annars um að ræða belgískt mál sem varðaði verslunarrekstur á sunnudögum (C-559/11 *Pelckmans Turnhout*) og hollenskt mál sem varðaði gildissvið og merkingu nýrra rammaákvæða um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (C-518/11 *UPC Nederland*).

Í máli C-536/11 *Donau Chemie* taldi ESA að með þeirri reglu austurrískra laga, sem heimilar fyrirtækjum er gerst hafa sek um ólögmætt samráð að banna fortakslaust aðgang að nokkru skjali í rannsóknargögnum málsins hverjum þeim sem samráðið hefur bitnað á, væri ekki gætt fullnægjandi jafnvægis milli almannahagsmuna og einkahagsmuna eins og áskilið væri samkvæmt samkeppnisrétti Evrópusambandsins.

Í máli C-85/12 *Landsbanki* taldi Eftirlitsstofnun EFTA að vegna ákvæða tilskipunar 2001/24/EB ætti úrlausn málsins að vera á þá leið að ákvæði íslensku neyðarlaga (nr. 44/2009) um endurskipulagningu og slit Landsbanka Íslands hf. hefðu einnig lagagildi í Frakklandi. Af því leiddi að einstök mál, sem höfðuð væru þar til að framfylgja ákvæðunum, yrði að dæma samkvæmt íslenskum lögum. Dómstólum í Frakklandi bæri að beita íslenskum lögum þegar úrskurðað væri um áhrif tímabundinna verndarráðstafana sem gerðar hefðu verið í Frakklandi áður en Landsbankanum var heimiluð greiðslustöðvun á Íslandi.

Í máli C-375/12 *Bouanich* var það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að reglur innra markaðar Evrópusambandsins ógiltu skattaákvæði franskra laga sem ekki tækju að fullu tillit til skatta af arðgreiðslum erlendis frá sem þegar hefðu verið greiddir í öðru aðildarríki sambandsins.

Á árinu gerðist Eftirlitsstofnun EFTA jafnframt meðalgönguaðili með framlagningu skriflegra athugasemda til stuðnings kröfum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins

Eftirlitsstofnun EFTA og meðalganga fyrir dómstólum

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að taka þátt í úrlausn allra mála fyrir EFTA-dómstólum.

Þá getur hún gerst meðalgönguaðili í málum, sem rekin eru fyrir Dómstóli Evrópusambandsins, með eftirfarandi hætti:

- Þegar dómstóll í aðildarríki Evrópusambandsins óskar forúrskurðar Dómstólsins um atriði í löggjöf sambandsins getur Eftirlitsstofnun EFTA lagt fram meðalgönguaðili eða munnlegar athugasemdir ef málareksturinn varðar efni sem fellur undir EES-samninginn.
- Í öðrum málum getur ESA óskað meðalgöngu til stuðnings kröfum annars hvors aðilans samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 40. gr. stofnsamþykktar Dómstóls Evrópusambandsins.

Í einu máli sem rekið var fyrir Dómstóli Evrópusambandsins (C-239/11 P *Siemens* gegn *framkvæmdastjórn*) og þremur málum sem rekin voru fyrir Almennum dómstóli sambandsins (málum T-289/11, T-290/11 og T-521/11, *Deutsche Bahn* gegn *framkvæmdastjórn*). Í öllum þessum fjórum málum voru röksemdir stofnunarinnar á þá leið að ekki væri brotið gegn mannréttindum með ákvæðum EES-réttar á sviði rannsókna í samkeppnismálum.

Nýjar reglur um aðgang að gögnum

Í september árið 2012 samþykkti Eftirlitsstofnun EFTA nýjar reglur um almennan aðgang að gögnum.

Nýju reglurnar eru endurnýjuð gerð eldri reglna sem settar voru árið 2008 og byggjast þær sem fyrr á því grundvallarsjónarmiði að almenningur skuli hafa aðgang að gögnum nema ein eða fleiri undantekningar eigi við. Í nýju reglunum eru felldar saman reglur, sem mótast hafa með nýlegri dómaframkvæmd í Evrópusambandinu, og venjubundin tilhögun Eftirlitsstofnunar EFTA við meðferð umsókna um aðgang.

Meiri upplýsingagjöf


Í nýju reglunum kemur skýrt fram að hverjum sem vera skal sé heimilt að óska eftir aðgangi að gögnum Eftirlitsstofnunar EFTA án þess að slíka ósk þurfi að rökstyðja.



Í reglunum er einnig tekið fram að fundargerðir stjórnar stofnunarinnar skuli birtar óstyttað á vefsetri hennar til þess að almenningur geti áttað sig á öllum formlegum ákvörðunum stjórnar. Að auki tekur vikulega uppfærð skjalaskrá Eftirlitsstofnunar EFTA nú til fleiri tegunda gagna en áður. Úr fundargerðunum og skjalaskránni getur almenningur lesið hvaða mál ESA hefur til umfjöllunar á hverjum tíma.

Umsóknir um aðgang á árinu 2012

- Umsóknum um aðgang fjölgaði um nær helming, eða úr 107 árið 2011 í 201 árið 2012.
- 15 umsóknum var sýnað. Rétt eins og næstu ár á undan var þar fyrst og fremst um að ræða umsóknir sem vörðuðu yfirstandandi rannsóknir á ríkisaðstoð.
- Í fjórum tilvikum var sýnjun skotið til forseta og sneri hann þeirri ákvörðun við í einu tilviki.
- Í sjö tilvikum var aðgangur aðeins veittur að hluta til. Einni þeirra ákvarðana var skotið til forseta.
- Í sex tilvikum varðaði umsókn gögn sem voru ekki í vörslu stofnunarinnar.
- Umsóknir skiptust þannig milli hópa:





Til þess að auka gagnsæi í samræmi við markmið reglnanna hyggst Eftirlitsstofnun EFTA opna á netinu gagnagrunn með þeim gögnum sem falla undir almennan aðgang og verða skráð í hann öll skjöl sem aðgangur hefur verið veittur að í samræmi við reglur um aðgang að gögnum.

Tveggja þrepa málsmeðferð

Með nýju reglunum er komið á tveggja þrepa málsmeðferð til meðhöndlunar á umsóknum um aðgang:

1. þrep Umsókn, skal senda til skráningarskrifstofu stofnunarinnar, verður jafnan svarað um hæl með staðfestingu á móttöku. Umsóknin verður þá afgreidd hjá ESA innan 10 virkra daga.

Eftir að reglurnar voru samþykktar hefur afgreiðslutími umsókna verið að meðaltali hálfur fimmti dagur, en það er óbreytt frá því sem áður var. Ef umsókn tekur til gagna sem upprunnin eru hjá þriðja aðila verður haft samráð við höfund gagnanna varðandi afhendingu þeirra. Það getur þýtt töf umfram 10 daga frestinn.

Af þeim 87 umsóknum um aðgang, sem afgreiddar hafa verið samkvæmt nýju reglunum frá því að þær voru samþykktar í september árið 2012, hefur aðeins þurft að fresta afgreiðslu í átta tilvikum vegna samráðs við þriðja aðila. Ef horft er framhjá þessum átta tilvikum var afgreiðslutími umsókna þrjú dagar að meðaltali.

2. þrep Ef umsókn um aðgang er synjað getur umsækjandi skotið synjuninni til forseta Eftirlitsstofnunar EFTA og tekur hann málið þá til nýrrar skoðunar. Bréf forseta er lokaákvörðun stofnunarinnar um umsókn um aðgang, en ákvörðun hans má áfrýja til EFTA-dómstólsins.

Frá september 2012 hefur Eftirlitsstofnun EFTA gefið út tvö bréf forseta. Í öðru þeirra var snúið við upphaflegri ákvörðun um að synja um aðgang og fékk umsækjandi afhent gögnin sem hann hafði óskað eftir.

Undantekningar

Í nýju reglunum er tekið fram að almenningur geti aðeins fengið aðgang að endanlegri gerð skjala. Þá verði minnisblöð ekki afhent nema í þeim sé fólgin ákvörðun. Jafnframt staðfesta nýju reglurnar þá ályktun, sem draga má af dómaframkvæmd í Evrópusambandinu, að almenningur geti ekki fengið aðgang að gögnum sem tengjast yfirstandandi rannsóknum á ríkisaðstoð nema brýnir almannahagsmunir krefji.

Í desember 2012 felldi EFTA-dómstóllinn í fyrsta skipti dóm í máli sem varðaði aðgang að gögnum. Fjögur önnur mál af þessu tagi koma til umfjöllunar hjá EFTA-dómstólnum á árinu 2013. Í öllum tilvikum er um að ræða mál sem afgreidd voru samkvæmt fyrri aðgangsreglum frá árinu 2008.

Kynningarfundir og ESA-dagar


Eftirlitsstofnun EFTA leggur mikla áherslu á að halda kynningarfundum fyrir þá sem hafa hug á slíku. Árið 2012 sóttu yfir 1.700 manns í nærri 100 hópum slíka kynningarfundum stofnunarinnar í Brussel.

Þá tóku stjórnarmenn, sviðstjórar og starfsmenn stofnunarinnar þátt í ýmsum málþingum og fundum í aðildarríkjum EFTA og Evrópusambandsins.

Auk þessa hélt ESA eins og áður svonefnda ESA-daga í EFTA-rikinum. ESA-dagarnir hafa allt frá upphafi verið haldnir til þess að auka skilning embættismanna á því hvernig störfum Eftirlitsstofnunar EFTA er háttað á hverju málavíði. Árið 2012 var öðrum áhugasömum aðilum einnig boðið að sækja þessar kynningar. Í júní það ár sóttu um 120 manns ESA-dag sem haldinn var í Reykjavík og voru þar á meðal fulltrúar frá íslenskum lögmannsstofum.

Heimsóknir til Eftirlitsstofnunar EFTA

Hópum, sem leið eiga um Brussel, er boðið að sækja Eftirlitsstofnun EFTA heim til þess að kynna starfsemi hennar. Nánari upplýsingar má fá með því að senda tölvupóst á netfangið registry@eftasurv.int.





6. Kafli

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Umfang málsmeðferðar hjá Eftirlitsstofnun EFTA

Í þessum kafla er gefin heildarmynd af umfangi mála sem til meðferðar eru hjá Eftirlitsstofnun EFTA og sýnd skiping eftir málstegund og upprunalandi. Hér er einnig að finna yfirlit um hversu mörg mál voru stofnuð og hversu mörg afgreidd á hverju starfsviði ESA á árinu sem leið. Þróunin hefur almennt verið til fjölgunar á málum sem ESA tekur til meðferðar að eigin frumkvæði og málum sem bíða afgreiðslu, og á þetta einkum við um mál er varða innri markaðinn. Í lok kaflans er að finna yfirlit um fjárhag stofnunarinnar á árinu 2012.

Mál sem bíða afgreiðslu

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að fækka málum sem bíða afgreiðslu hjá ESA, einkum málum frá liðnum árum. Á árinu 2012 fjölgaði slíkum málum þó á ný. Í árslok biðu alls 543 mál afgreiðslu hjá ESA.

Á mynd 1 sést að nokkur fjölgun varð á málum sem ESA tók til meðferðar að eigin frumkvæði, en flest þeirra varða löggjöf sem ekki hafa verið innleidd í aðildarríkjunum:

Með hugtakinu „mál“ er í þessum kafla átt við athugun stofnunarinnar á því hvernig staðið er að lögfestingu eða beitingu EES-réttar eða verkefni sem Eftirlitsstofnun EFTA ber að sinna samkvæmt EES-samningnum og skráð voru á árinu 2012 eða fyrr. Mál í þessum skilningi leiðir ekki nauðsynlega til þess að höfðað sé samningsbrotamál á hendur einu eða fleiri EFTA-ríkjum eða fyrirtækjum eða að efnt sé til formlegrar rannsóknar.

Kvörtunarmál eru mál sem Eftirlitsstofnun EFTA tekur til meðferðar vegna upplýsinga frá fyrirtækjum eða einstaklingum um ráðstafanir eða vinnubrögð stjórnvalda í EFTA-ríkjunum sem talið er að samrýmist ekki EES-rétti.

Tilkynningar eru hvers kyns ráðstafanir sem stjórnvöld í EFTA-ríkjunum senda Eftirlitsstofnun EFTA til skoðunar eða samþykkis, t. a. m. á sviði ríkisaðstoðar, drög að tæknilegum reglugerðum og tilkynningar á sviði fjarskiptamarkaða.

Skylduverkefni eru mál sem stofnuð eru vegna skuldbindingar Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt EES-samningnum sjálfum eða ákvæðum í afleiddri löggjöf, t.d. verkefni á sviði eftirlits með fæðuöryggi eða samgöngum.

Frumkvæðismál eru mál sem Eftirlitsstofnun EFTA tekur til meðferðar að eigin frumkvæði. Í þann flokk falla mál sem varða tilskipanir sem ekki hafa verið innleiddar í EFTA-ríkjunum, reglugerðir sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn af Íslandi og Noregi en hafa ekki verið innleiddar í landsrétt þessarar ríkja, og athuganir á því hvernig staðið er að innleiðingu og beitingu EES-réttar (t.d. til staðfestingar á því að landslög samrýmist EES-löggjöf). Undir hið síðastnefnda getur til dæmis fallið skoðun á vinnubrögðum í tengslum við einstaka samninga um opinber innkaup, ríkisaðstoð eða sérleyfi, þegar Eftirlitsstofnun EFTA telur upplýsingar af einhverju tagi benda til að ástæða sé til að hefja slíka skoðun.

Flokkurinn „EES/ríki utan efnahagssvæðisins“ á mynd 2 á við mál sem snúa að fleiri en einu EFTA-ríki, og þá venjulega tveimur EFTA-ríkjanna eða öllum þremur, eða mál sem vísað hefur verið til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, eða unnið er að í samvinnu við hana, vegna þess að þau varða aðildarríki sambandsins eða ríki utan efnahagssvæðisins.




Mál sem ESA hefur hafið og lokið meðferð á

Tölur um nýstofnuð og afgreidd mál á árinu 2012 gefa nokkra mynd af umfangi starfseminnar hjá Eftirlitsstofnun EFTA. Árið 2012 fjölgaði málum í báðum þessum flokkum. Einkum er eftirtektarvert hversu mörg ný mál er vörðuðu Ísland komu til meðferðar. Mál telst afgreitt þegar leyst hefur verið úr viðfangsefninu sem um ræðir eða ESA kemst að


þeirri niðurstöðu að ekki hafi átt sér stað brot á ákvæðum EES-réttar.

Á myndum 3 og 4 sést að langflest mál varða innri markaðinn, en undir það málsvið falla meðal annars frjálst flæði fjármagns, vöru, vinnuafls og þjónustu, umhverfismál og orkumál, auk opinberra innkaupa. Munurinn á fjölda afgreiddra og nýstofnaðra mála sem varða innri markaðinn


Mynd 1: Mál til meðferðar, eftir málstegund




Mynd 2: Mál til meðferðar, eftir upprunalandi




Mynd 3: Mál tekin til meðferðar (ný) hjá Eftirlitsstofnun EFTA, eftir starfsviði



Mynd 4: Mál sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur lokið meðferð á, eftir starfsviði




Mynd 5: Mál tekin til meðferðar (ný) hjá Eftirlitsstofnun EFTA, eftir upprunalandi



er helsta ástæðan fyrir því að málum, sem bíða afgreiðslu, hefur fjölgað í heild (sjá mynd 1).

Á mynd 3 sést að nýstofnuðum málum fjölgaði um nær 50% á árinu sem leið. Ástæðan fyrir fjölgun mála í heild var að málum, sem vörðuðu innra markaðinn, fjölgaði afar mikið. Jafnframt því fækkaði nýstofnuðum samkeppnis- og ríkisaðstoðarmálum.


Mynd 7: Kvartanir til meðferðar í lok ársins 2012




Árið 2012 stofnaði Eftirlitsstofnun EFTA 209 mál vegna Noregs, 269 mál vegna Íslands og 40 mál vegna Liechtensteins. Flest mál, sem afgreidd voru á árinu, vörðuðu Noreg eða Ísland, en mál sem tengdust Liechtenstein voru eins og áður tiltölulega fá og fór heldur fækkandi.

Á mynd 5 sést að fjölgun varð árið 2012 á nýstofnuðum málum að því er varðaði öll ríkin þrjú; einkum fjölgaði þó málum vegna gerða sem ekki höfðu verið lögleiddar

Mynd 6: Mál sem Eftirlitsstofnun EFTA lauk meðerð á, eftir upprunalandi



Mynd 8: Nýjar kvartanir sem bárust Eftirlitsstofnun EFTA árið 2012




Kvörtunarferli:

Sú meginregla gildir að *öllum* er heimilt að senda Eftirlitsstofnun EFTA kvörtun. ESA er þó í sjálfsvald sett hvort hún fylgir kvörtun eftir með stofnun máls. Ef ESA afræður að stofna mál gegn einu EES/EFTA-ríki eða þeim öllum gerist það að hennar eigin frumkvæði en ekki í umboði kvartanda.

Sendu má Eftirlitsstofnun EFTA kvörtun á vefsetri stofnunarinnar, www.eftasurv.int. Þar er að finna ítarlegri upplýsingar um hvernig standa ber að framlagningu kvörtunar á hverju málsviði um sig (en þau eru innri markaður, ríkisaðstoð og samkeppni).



Mynd 9: Kvartanir sem afgreiddar voru árið 2012



á Íslandi. Þá hækkaði heildartala afgreiddra mála einnig frá því sem verið hafði árin á undan (sjá mynd 6).

Kvartanir sem bárust á árinu 2012

Kvartanir frá hagsmunaaðilum og annarra, sem hlut eiga að máli, eru mikilvæg uppspretta upplýsinga og styrkja það eftirlit sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur með því að stjórnvöld í EFTA-ríkjunum virði ákvæði EES-réttar.

Á árinu 2012 vörðuðu flest ný kvörtunarmál innri markaðinn. Þetta á við um öll þrjú EFTA-ríkin. Nýjum kvörtunum gegn stjórnvöldum á Íslandi fækkaði áfram eftir mikla aukningu sem varð árin 2009 og 2010 og stafaði af kvörtunum vegna bankageirans og/eða í tengslum við fjármagnsflutninga á Íslandi. Þá fækkar áfram kvörtunum sem bíða afgreiðslu (sjá mynd 7).

Flestar kvartanir, sem bárust á árinu 2012, vörðuðu lögfestingu og beitingu EES-réttar í Noregi. Alls vörðuðu það ríki 72 þeirra 108 mála sem enn bíðu afgreiðslu í árslok. Þetta er svipað því sem verið hefur undanfarin ár. Flestar nýjar kvartanir (44 af 58) og flest afgreidd mál (54 af 72) vörðuðu einnig Noreg.

Fjárhagsmál

Kostnaður við starfsemi og rekstur Eftirlitsstofnunar EFTA er fjármagnaður með framlögum frá Íslandi (9%), Liechtenstein (2%) og Noregi (89%). Í fjárhagsáætlun ársins 2012 var gert ráð fyrir að þessi kostnaður næmi í heild 12,4 milljónum evra, en það samsvarar 1,3% nafnverðshækkun frá árinu 2011. Tillögur stofnunarinnar að fjárhagsáætlun hafa undanfarin þrjú ár gert ráð fyrir óbreyttum kostnaði að teknu tilliti til verðlagshækkana, og verður svo einnig árið 2013.

Hinn 20. júní 2012 afhenti Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum ársreikning sinn fyrir undanfarandi fjárhagsár (2011) ásamt áritun endurskoðunarnefndar EFTA (EBOA). Fulltrúar EFTA-ríkjanna samþykktu ársreikninga stofnunarinnar fyrir árið 2011 hinn 7. desember 2012 og leystu hana undan ábyrgð á reikningsskilum þess tímabils.

Sama dag, 7. desember 2012, samþykktu fulltrúar EFTA-ríkjanna fjárhagsáætlun Eftirlitsstofnunar EFTA fyrir árið 2013, en kostnaður árána 2012 og 2013 skiptist þannig (allar fjárhæðir í evrum):

Heildarkostnaður samkvæmt fjárhagsáætlun	Áætlun ársins 2013	Áætlun ársins 2012
Fjármunatekjur	5.000	15.000
Framlög og aðrir tekjuliðir	12.743.756	12.413.354
Aðrir tekjuliðir	21.000	32.500
Framlög EES/EFTA-ríkjanna	12.722.756	12.380.854
Heildartekjur	12.748.756	12.428.354
Laun og launatengd gjöld	-9.754.871	-9.509.354
Laun	-6.299.804	-6.358.151
Hlunnindi, framfærslueyrir og kostnaður við starfsmannaskipti	-3.455.067	-3.151.203
Ferðir, þjálfun, risna	-747.500	-729.000
Kostnaður við skrifstofuhúsnæði	-1.091.885	-1.065.000
Aðföng og þjónusta	-1.149.500	-1.120.000
Fjármagnsgjöld	-5.000	-5.000
Heildargjöld	-12.748.756	-12.428.354



7. Kafli

STARSFÓLK

Stjórn



Oda Helen Sletnes
President



**Sverrir Haukur
Gunnlaugsson**
College Member



Sabine Monauni-Tömördy
College Member

Stjórnunarsvið



Brit Helle

Director

Tlf: +32 2 286 18 90
bhe@eftasurv.int



Sophie Jeannon

Senior HR Assistant

Tlf: +32 2 286 18 93
sje@eftasurv.int



Joséphine Duraffourd

College Assistant

Tlf: +32 2 286 18 21
jdu@eftasurv.int



Bente Gjoertz

College Assistant

Tlf: +32 2 286 18 25
bgj@eftasurv.int



Ólafur Adalsteinsson

Deputy Director

Tlf: +32 2 286 18 95
oad@eftasurv.int



Gisle Solstad

Head of Finance

Tlf: +32 2 286 18 91
gso@eftasurv.int



Kurt Scheerlinck

Senior IT Officer

Tlf: +32 2 286 18 96
ksc@eftasurv.int



Hafsteinn Þor Einarsson

IT Officer

Tlf: +32 2 286 18 39
hei@eftasurv.int



Mike Boot

Building Assistant

Tlf: +32 2 286 18 19
mbo@eftasurv.int



Kjersti Sneve

Registry Officer

Tlf: +32 2 286 18 37
ksn@eftasurv.int

Samkeppins- og ríkisaðstoðarsvið



Per Andreas Bjørgan

Director

Tlf: +32 2 286 18 36
pab@eftasurv.int



Elin Heidebroek

Senior Assistant

Tlf: +32 2 286 18 51
ehe@eftasurv.int



Kine Neslein

Trainee

Tlf: +32 2 286 18 35
kne@eftasurv.int



Ketill Einarsson

Trainee

Tlf: +32 2 286 18 18
kei@eftasurv.int

Samkeppnisvið



Tormod Sverre Johansen

Deputy Director

Tlf: +32 2 286 18 41
tjo@eftasurv.int



Peter Turner-Kerr

Senior Officer

Tlf: +32 2 286 18 54
ptk@eftasurv.int



Sigrid Veflen Surlien

Officer

Tlf: +32 2 286 18 59
ssu@eftasurv.int

Ríkisaðstoðarsvið



María Jesús Segura Catalán

Deputy Director

Tlf: +32 2 286 18 53
mse@eftasurv.int



Marianne Clayton

Senior Officer

Tlf: +32 2 286 18 23
mcl@eftasurv.int



Guðlaugur Stefánsson

Senior Officer

Tlf: +32 2 286 18 50
gst@eftasurv.int



Sif Konráðsdóttir

Senior Officer

Tlf: +32 2 286 18 55
sko@eftasurv.int



Christian Jordal

Officer

Tlf: +32 2 286 18 89
cjo@eftasurv.int



Hubertus von Rosenberg

Officer

Tlf: +32 2 286 18 65
hvr@eftasurv.int



Fabian Kaisen

Officer

Tlf: +32 2 286 18 80
fka@eftasurv.int



Mihalis Kekelekis

Officer

Tlf: +32 2 286 18 40
mke@eftasurv.int



Christian Lund

Temporary Officer

Tlf: +32 2 286 18 13
clu@eftasurv.int



Innri markaðssvið



**Ólafur Jóhannes
Einarsson**
Director
Tlf: +32 2 286 18 73
oei@eftasurv.int



Lindsay Jore
Senior Assistant
Tlf: +32 2 286 18 72
ljo@eftasurv.int



Sandra Gerdtz
Assistant
Tlf: +32 2 286 18 71
sge@eftasurv.int



Kristina Granaas
Assistant
Tlf: +32 2 286 18 43
kgr@eftasurv.int

Innri markaður - almenn mál



Bernhard Zaglmayer
Deputy Director
Tlf: +32 2 286 18 85
bza@eftasurv.int



Ingvar Sverrisson
Senior Officer
Tlf: +32 2 286 18 32
isv@eftasurv.int



Steven Verhulst
Senior Officer
Tlf: +32 2 286 18 58
sve@eftasurv.int



Raket Jensdóttir
Officer
Tlf: +32 2 286 18 26
rje@eftasurv.int



Rodolphe Muñoz
Officer
Tlf: +32 2 286 18 67
rmu@eftasurv.int



Jonas Pálshammar
Officer
Tlf: +32 2 286 18 34
jpa@eftasurv.int



Gabrielle Somers
Officer
Tlf: +32 2 286 18 76
gas@eftasurv.int



**Magdalena
Suszycka-Jasch**
Officer
Tlf: +32 2 286 18 15
msj@eftasurv.int



Agata Walaszczyk
Officer
Tlf: +32 2 286 18 61
awa@eftasurv.int



**Birgitte Jourdan
Andersen**
Officer
Tlf: +32 2 286 18 44
ban@eftasurv.int



Kristin Bangsund
Temporary Officer
Tlf: +32 2 286 18 56
kba@eftasurv.int



**Ólafur Ísberg
Hannesson**
Temporary Officer
Tlf: +32 2 286 18 82
oha@eftasurv.int



Tone Aursland
Trainee
Tlf: +32 2 286 18 92
tau@eftasurv.int



Sara Meier
Trainee
Tlf: +32 2 286 18 70
sme@eftasurv.int

Samgöngur



**Ástriður
Scheving Thorsteinsson**

Deputy Director
Tlf: +32 2 286 18 79
asc@eftasurv.int



Andreas Breivik

Senior Officer
Tlf: +32 2 286 18 57
abr@eftasurv.int



Dag Kristoffer Hansen

Senior Officer
Tlf: +32 2 286 18 42
dkh@eftasurv.int



Sigrún Kristjánsdóttir

Officer
Tlf: +32 2 286 18 83
skar@eftasurv.int

Matvælaöryggi



Janne Britt Krakhellen

Deputy Director
Tlf: +32 2 286 18 77
jbk@eftasurv.int



Lone Fæster

Senior Officer
Tlf: +32 2 286 18 68
lof@eftasurv.int



Luca Farina

Senior Officer
Tlf: +32 2 286 18 62
lfa@eftasurv.int



Rögnvaldur Ingólfsson

Senior Officer
Tlf: +32 2 286 18 81
rin@eftasurv.int



Cyrille Hugon

Officer
Tlf: +32 2 286 18 75
chu@eftasurv.int



Karoline Mathisen

Officer
Tlf: +32 2 286 18 38
kma@eftasurv.int



Karl Karlsson

Officer
Tlf: +32 2 286 18 81
kka@eftasurv.int



Lagaskrifstofa og rekstrarsvið



Xavier Lewis

Director

Tlf: +32 2 286 18 30
xle@eftasurv.int



Markus Schneider

Deputy Director

Tlf: +32 2 286 18 84
msc@eftasurv.int



Nina Hoppe

Assistant

Tlf: +32 2 286 18 31
nho@eftasurv.int



Gjermund Mathisen

Officer

Tlf: +32 2 286 18 60
gma@eftasurv.int



Maria Moustakali

Officer

Tlf: +32 2 286 18 12
mmo@eftasurv.int



Clémence Perrin

Officer

Tlf: +32 2 286 18 33
cpe@eftasurv.int



Auður Steinarsdóttir

Officer

Tlf: +32 2 286 18 99
ast@eftasurv.int



Trygve Mellvang-Berg

*Press and Information
Officer*

Tlf: +32 2 286 18 66
tme@eftasurv.int



Catherine Howdle

Temporary Officer

Tlf: +32 2 286 18 98
cho@eftasurv.int



Íris Ísberg

Trainee

Tlf: +32 2 286 18 97
iis@eftasurv.int



Nicole Portheim

Trainee

Tlf: +32 2 286 18 87
npo@eftasurv.int

Eftirtaldir létu af störfum á árinu 2012

Janecke Aarnæs ADM
Erik Eidem ADM
Battista Vailati ADM
Ylva Bråten ADM
Robin Parren ADM
Kjell-Arlid Rein CSA
Hanne Zimmer CSA
Clemens Kerle CSA
Haukur Logi Karlsson CSA
Magne Revheim Mæland CSA
Silje Thorstensen CSA
Eirik Ihlen IMA

Raphaël Meyer IMA
Rannveig Stefánsdóttir IMA
Lennart Garnes IMA
Florence Simonetti LEA
Fiona Cloarec LEA

Tone Hostvedt Aarthun SCA Trainee
Hólmar Örn Finnsson CSA Trainee
Gregor Hirn IMA Trainee
Eggert Ólafsson IMA Trainee
Grímur Jóhannsson LEA Trainee

Nánari upplýsingar um Eftirlitsstofnun EFTA er að finna á <http://www.eftasurv.int>
Rafræna útgáfu á ársskýrslum Eftirlitsstofnunar EFTA er að finna á
<http://www.eftasurv.int/information/annualreports>

© 2013 Eftirlitsstofnun EFTA

ISSN: 1373-1793

Ljósmyndir: Pascal Broze (bls.1, 7,8, 9, 11, 12, 16, 21, 31, 33, 41, 43, 45,47, 49, 56, 59, 60, 61, 62, 63 og 64), Trygve Mellvang-Berg (bls.13), Berit Roald/Scanpix (bls.14-15), Alf Øystein Støtvig/VG/Scanpix (bls.17), Geir Olsen/VG/Scanpix (bls.18-19), Solveig Vikene/Scanpix (bls.20), Gael Conrad/Corbis/Scanpix (bls.22), Roger Hardy/Samfoto/Scanpix (bls.23), Mattis Sandblad/Scanpix (bls.24), Jens Sjølvberg/Samfoto/Scanpix (bls.25), Terje Mortensen/Scanpix (bls.26-27), Thomas Tolstrup/BAM/NEOVISION/Corbis/Scanpix (bls.28), Dan P. Nesgaard/Scanpix (bls.34), Jon-Are Berg-Jacobsen/Scanpix (bls.35), Chris Hendrickson/Scanpix (bls.37), Robert Harding/Robert Harding Images/Scanpix (bls.38), Vidar Knai/Scanpix (bls.42), EFTA Court (bls.43 og 51), Color Line (bls.44), Synnøve Tangen Stub (bls.46), Helge Sunde/Scanpix (bls.50), GAOS/NEOVISION/Corbis (bls.53).

Hönnun og prentun IMPRIMERIE CENTRALE Lúxemborg

EFTA Surveillance Authority
Rue Belliard 35
B-1040 Brussels
Belgium

Tel. +32 2 286 18 11
Fax +32 2 286 18 10
E-mail: registry@eftasurv.int
Internet: <http://www.eftasurv.int>
Twitter: @eftasurv

EFTA SURVEILLANCE
AUTHORITY

